# Knattspyrnusamband Íslands

# 2017

## 72. ársþing KSÍ
## Skýrslur nefnda

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ... 1
Stjórn og nefndir KSÍ ... 2
Skýrsla landsliðsnefndar karla ... 4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla ... 6
Skýrsla unglinganefndar karla ... 9
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna ... 11
Skýrsla unglinganefndar kvenna ... 13
Opna Norðurlandamót U17 drengja ... 15
Árangur landsliða Íslands á árinu 2017 ... 17
Skýrsla mótanefndar ... 27
Skýrsla dómaranefndar ... 35
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar ... 44
Skýrsla háttvísinefndar ... 45
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar ... 46
Skýrsla fræðslunefndar ... 49
Skýrsla útbreiðslunefndar ... 53
Skýrsla hæfileikamótunar ... 59
Skýrsla mannvirkjanefndar ... 60
Heiðursviðurkenningar ... 61

**Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir**
***www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/***

***Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir***
***www.ksi.is/landslid/landsleikir/***

***Yfirlit þeirra landsliðsmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir***
***www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/***

# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn (ársþing)**

| | |
|---|---|
| Guðni Bergsson | formaður |
| Guðrún Inga Sívertsen | varaformaður |
| Gísli Gíslason | gjaldkeri |
| Magnús Gylfason | ritari |
| Borghildur Sigurðardóttir | |
| Jóhannes Ólafsson | |
| Rúnar V. Arnarson | |
| Ragnhildur Skúladóttir | |
| Vignir Már Þormóðsson | |

**Varastjórn (ársþing)**

Kristinn Jakobsson
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason

**Landshlutafulltrúar (ársþing)**

| | |
|---|---|
| Magnús Ásgrímsson | Austurland |
| Björn Friðþjófsson | Norðurland |
| Tómas Þóroddsson | Suðurland |
| Jakob Skúlason | Vesturland |

**Framkvæmdastjórn**

| | |
|---|---|
| Geir Þorsteinsson | formaður |
| Gísli Gíslason | |
| Guðrún Inga Sívertsen | |
| Magnús Gylfason | |
| Vignir Már Þormóðsson | |

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**

| | |
|---|---|
| Guðni Bergsson | formaður |
| Gísli Gíslason | |
| Ingvar Sverrisson | |
| Klara Bjartmarz | |
| Ómar Einarsson | |

**Dómaranefnd**

| | |
|---|---|
| Kristinn Jakobsson | formaður |
| Borghildur Sigurðardóttir | |
| Bragi Bergmann | |
| Einar Sigurðsson | |
| Gísli Björgvinsson | |
| Gísli Gíslason | |
| Jón Sigurjónsson | |
| Viðar Helgason | |

**Fjárhagsnefnd**

| | |
|---|---|
| Gísli Gíslason | formaður |
| Borghildur Sigurðardóttir | |
| Magnús Gylfason | |

**Fræðslunefnd**

| | |
|---|---|
| Ragnhildur Skúladóttir | formaður |
| Guðni Kjartansson | |
| Sigurður Þórir Þorsteinsson | |
| Örn Ólafsson | |

**Laga- og leikreglnanefnd**

| | |
|---|---|
| Gísli Gíslason | formaður |
| Guðmundur H. Pétursson | |
| Guðrún Inga Sívertsen | |

**Landsliðsnefnd karla**

| | |
|---|---|
| Rúnar Arnarson | formaður |
| Jóhannes Ólafsson | |
| Magnús Gylfason | |
| Ríkharður Daðason | |

**Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**

| | |
|---|---|
| Guðrún Inga Sívertsen | formaður |
| Arna Steinsen | |
| Hanna Dóra Markúsdóttir | |
| Íris Sæmundsdóttir | |
| Laufey Sigurðardóttir | |
| Ragnhildur Skúladóttir | |

**Landsliðsnefnd U21 karla**

| | |
|---|---|
| Vignir Þormóðsson | formaður |
| Borhildur Sigurðardóttir | |
| Gísli Gíslason | |
| Jónas Þórhallsson | |
| Róbert B. Agnarsson | |

**Unglinganefnd karla (U19 og U17)**

| | |
|---|---|
| Jóhann Torfason | formaður |
| Gunnar Gunnarsson | |
| Halldór Björnsson | |
| Ingvar Guðjónsson | |
| Magnús Brandsson | |
| Pétur Ólafsson | |
| Þórarinn Gunnarsson | |

**Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)**

| | |
|---|---|
| Ragnhildur Skúladóttir | formaður |
| Hafsteinn Steinsson | |
| Hanna Dóra Markúsdóttir | |
| Jakob Skúlason | |
| Sigrún Ríkharðsdóttir | |
| Tómas Þóroddsson | |
| Viggó Magnússon | |

**Mannvirkjanefnd**

| | |
|---|---|
| Magnús Gylfason | formaður |
| Bjarni Þór Hannesson | |
| Jón Runólfsson | |
| Kristján Ásgeirsson | |
| Margrét Leifsdóttir | |
| Rúnar Arnarson | |
| Þorbergur Karlsson | |

**Mótanefnd**

| | |
|---|---|
| Vignir Már Þormóðsson | formaður |
| Björn Friðþjófsson | |
| Ingvar Guðjónsson | |
| Jóhann Steinar Ingimundarson | |
| Katla Guðjónsdóttir | |
| Magnús Ásgrímsson | |
| Róbert B. Agnarsson | |
| Þórarinn Gunnarsson | |

**Samninga- og félagaskiptanefnd**
Jóhannes Ólafsson formaður
Stefán Geir Þórisson
Örn Gunnarsson
Gísli Hall (til vara)
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)

**Útbreiðslunefnd**
Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Magnús Ásgrímsson
Tómas Þóroddsson

**Heilbrigðisnefnd**
Reynir Björn Björnsson formaður
Friðrik Ellert Jónsson
Guðrún Sigurðardóttir
Haukur Björnsson
Stefán Stefánsson

**Framkvæmdanefnd NM U17 karla 2017**
Ingvar Guðjónsson formaður
Jóhann Torfason
Tómas Þóroddsson
Þórarinn Gunnarsson

**Starfshópur um samninga- og félagaskiptamál**
Jóhannes Ólafsson formaður
Ingi Sigurðsson
Jónas Halldór Friðriksson
Þórir Hákonarson
Örn Gunnarsson

**Starfshópur um afreksstefnu KSÍ**
Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arnar Bill Gunnarsson
Freyr Alexandersson
Heimir Hallgrímsson
Ragnhildur Skúladóttir

**Nefnd vegna endurskoðunar laga KSÍ**
Gísli Gíslason formaður
Eiríkur S. Jóhannsson
Feldís Lilja Óskarsdóttir
Gísli Hall
Ómar B. Stefánsson

**Framkvæmdanefnd NM U17 karla 2017**
Ingvar Guðjónsson formaður
Gylfi Þór Orrason
Jóhann Torfason
Tómas Þóroddsson
Þórarinn Gunnarsson

**Siðanefnd (ársþing) til 2018**
Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Björgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

**Leyfisdómur KSÍ (ársþing) til 2018**
Heimir Örn Herbertsson formaður
Jón Gunnlaugsson
Ómar Smárason
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason

**Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2018**
Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Stefán Orri Ólafsson

**Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2018**
Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímannsson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þröstur Ríkharðsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)**
Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara) **Kjörnefnd (ársþing)**
Steinn Halldórsson formaður
Magnús Guðmundsson
Jónas Gestur Jónasson

**Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)**
Dýri Guðmundsson
Haukur Gunnarsson
Eggert Steingrímsson (til vara)
Þór Símon Ragnarsson (til vara)

**Kjörinn endurskoðandi (ársþing)**
Björn Ingi Victorsson

# Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Rúnar Arnarson, formaður, Jóhannes Ólafsson, Magnús Gylfason og Ríkharður Daðason. Með nefndinni störfuðu Klara Bjartmarz og Gunnar Gylfason. Heimir Hallgrímsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar voru þeir Helgi Kolviðsson, aðstoðarþjálfari, Guðmundur Hreiðarsson, markvarðaþjálfari og Sebastian Boxleitner þrekþjálfir. Læknir landsliðsins var Haukur Björnsson og sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson, Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson, Valgeir Mantyla Einarsson og Rúnar Pálmarsson. Búningastjóri var Sigurður Sveinn Þórðarson og Þorgrímur Þráinsson var alltaf liðinu innan handar.

**Verkefni og leikmenn**

Landsliðið lék á árinu 12 leiki, sex leiki í undankeppni HM 2018 og sex vináttulandsleiki. Sigur vannst í sjö leikjum, jafnteflið var aðeins eitt en fjórir leikir töpuðust. Í þessum tólf leikjum léku 52 leikmenn og aðrir 2 voru í hóp. Birkir Már Sævarsson lék 9 leiki og þeir Aron Einar Gunnarsson, Kári Árnason og Ragnar Sigurðsson tóku þátt í 8 leikjum. Ari Freyr Skúlason og Gylfi Þór Sigurðsson léku sinn 50. landsleik á árinu. Adam Örn Arnarson, Albert Guðmundsson, Árni Vilhjálmsson, Böðvar Böðvarsson, Frederik Schram, Kristinn Freyr Sigurðsson, Kristján Flóki Finnbogason, Óttar Magnús Karlsson, Rúnar Alex Rúnarsson, Sigurður Egill Lárusson, Tryggvi Hrafn Haraldsson og Viðar Ari Jónsson léku sinn fyrsta landsleik á árinu.

**Undankeppni HM 2018 - riðlakeppni**

Undankeppnin fyrir Heimsmeistarakeppnina í Rússlandi hélt áfram á árinu og átti eftir að verða söguleg, en Ísland var sem kunnugt er í geysisterkum riðli með Króötum, Tyrkjum, Úkraínumönnum, Finnum og Kósóvum.

Fyrsti leikur ársins var í mars gegn Kósóvum í Shkoder í Albaníu. Tvö mörk á tíu mínútna kafla í fyrri hálfleik, fyrst Björn Bergmann Sigurðarson á þeirri 25. og svo Gylfi Þór úr vítaspyrnu komu Íslandi í 0-2. Kósóvar minkuðu muninn snemma í síðarihálfleik en fleiri mörk voru ekki skoruð og góður 1-2 útisigur staðreynd.

Króatar komu svo í heimsókn á Laugardalsvöllinn í byrjun júní og lokst hafðist sigur á þessari sterku knattspyrnuþjóð. Hörður Björgvin Magnússon skoraði á 90. mínútu.
Keppnin hélt svo áfram í september og fyrsti leikur haustsins var gegn Finnum í Tampere. Heimamenn skorðuðu eina mark leiksins strax í upphafði leiks og unnu 1-0. Þremur dögum síðar voru Úkraínumenn komnir í heimsókn í Laugardalinn og strákarnir svöruðu fyrir taðið í Finnlandi með kröftugum 2-0 sigri. Gylfi Þór skoraði bæði mörkin í síðari hálfleik.

Fyrir lokaumferðinar tvær sem voru leiknar í október áttu fjórar þjóðir möguleika á að vinna riðilinn og komast þannig beint á HM. Fyrri leikurinn var gegn Tyrkjum í Eskishier og vann íslenska liðið frábæran 0-3 sigur. Jóhann Berg Guðmundsson og Birkir Bjarnason skoruðu í fyrri hálfleik og Kári Árnason bætti þriðja markinu við í þeim síðari. Fyrir síðasta leikinn í riðlinum gegn Kósóvó á Laugardalsvellinum var Ísland komið í efsta sætið og ljóst að sigur myndi tryggja farseðilinn til Rússlands. Gylfi Þór skoraði undir lok fyrri hálfleiks og Jóhann Berg tryggði sigururinn með marki í þeim síðari og mikil og eftirminnileg fagnarðarlæti brutust út í leikslok.
Ísland vann riðilinn með 22 stig, Króatar fóru í umspil með 20 stig (sem þeir unnu og verða andstæðingar Íslands á HM), Úkraínumenn hlutu sautján stig, Tyrkir fimmtán, Finnar níu og Kósóvar ráku lestina með eitt stig.

## Vináttulandsleikir

Liðið lék sex vináttulandsleiki á árinu. Fyrsta verkefnið var fjögurra þjóða móti í janúar í Nanking í Kína en auk okkar og heimamanna léku þar Króatía og Síle. Opnunarleikurinn var leikur okkar og Kína og vann Ísland leikinn 0-2 með mörkum Arons Sigurðssonar og Kjartans Henry Finnbogasonar. Lék liðið svo til úrslita gegn Síle en sá leikur tapaðist 1-0. Næsti leikur var í byrjun febrúar gegn Mexíkó og leikið var í Las Vegas og unnu Mexíkóar 1-0 sigur.

Næst var leikið gegn Írum í Dyflinni í lok mars og þar skoraði Hörður Björgvin sigurmark íslenska liðsins í 0-1 sigri. Lokaleikir ársins voru leiknir í Katar um miðjan nóvember. Fyrst var leikið gegn Tékkum sem unnu 2-1 sigur en Kjartan Henry skoraði mark Íslands og svo gerði liðið jafntefli gegn Katar 1-1 þar sem Viðar Örn Kjartansson skoraði fyrir Ísland.

**Lokaorð**

Þetta er frábær árangur og ekki sjálfgefinn. Vinnusemi, skipulag og samheldni er það sem skóp þennan árangur. Duglegir leikmenn sem gefa sig alla í þá leiki sem farið er í. Gríðalega skipulagðir og vel undirbúnir þjálfarar. Starfsfólk landsliðsins, sem er tilbúið er að leggja á sig ómælda vinnu til að árangur náist. Öllum þessum, leikmönnum, þjálfurun og starfsfólki, þakka ég kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári og megi árið 2018 færa okkur marga sigra og gleði.

*Rúnar V. Arnarson, formaður*

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson formaður, Gísli Gíslason, Borghildur Sigurðardóttir, Jónas Þórhallsson og Róbert Agnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, markmannsþjálfari Gunnar Sigurðsson, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkraþjálfari Róbert Magnússon og búningastjóri Lúðvík Jónsson.

**Undankeppni EM 2019**

Dregið var í byrjun febrúar. Ísland var í þriðja styrkleikaflokki og drógst í 6 liða riðil með Spáni , Slóvakíu, Albaníu, N-Írlandi og Eistlandi. Byrjað á heimaleik, síðan 5 útileikir í röð og að lokum 4 heimaleikir á haustmánuðum 2018.

Liðið lék alls níu leiki á árinu þar af fjóra æfingaleiki, undirbúningur liðsins fyrir mót hefur því sjaldan verið betri. Liðið er óvenju ungt en uppistaðan ætti að vera leikmenn fæddir ´96 og ´97 en um helmingur hópsins er fæddur ´98 og einn fastamaður í hópnum er fæddur ´99. Það hefur líka sýnt sig að leikur liðins hefur batnað með hverjum leiknum. Fyrstu leikir liðins voru leiknir í mars gegn Georgíu í Tiblisi 22. og 25. mars. Þaðan var farið til Ítalíu og leikinn æfingaleikur gegn U23 liði Saudi Arabíu, 28. mars, í þeirra boði en þeir voru að undirbúa lið sitt fyrir HM U23. Í þessa þrjá leiki var farið með 22 leikmenn eða tvo leikmenn í hverri stöðu og stilltu þjálfararnir upp tveimur liðum í fyrri leiknum, gerðu tíu skiptingar á 63. mínútu. Eini leikmaðurinn sem lék allan leikinn var markmaðurinn en ákveðið var að þeir myndu leika sitthvorn leikinn. Georgía var mun betri aðilinn í leiknum og unnu verðskuldaðan 3 – 1 sigur en það var Viktor Karl Einarsson sem skoraði mark Íslands á 59. mínútu. Jafnræði var þó með liðunum fram að skiptingunum. Allnokkrar breytingar voru gerðar á liðinu fyrir seinni leikinn. Í þessum leik lék liðið mun betur og var staðan 2 – 2 í leikhléi, Arnór Gauti Ragnarsson skoraði bæði mörk Íslands á 15. og 21. mínútu. Ísland komst síðan í 4 – 2 forystu með mörkum frá Alfonsi Sampsted á 50. mínútu og Axeli Óskari Andréssyni á 69. mínútu. Á loka mínútum leiksins náðu svo Georgía að jafna leikinn og lokatölur 4 – 4. Mikill munur var á leik liðins frá fyrri leiknum og greinilegt að þjálfararnir voru að sjá og gera sér grein fyrir veikleikum og styrkleikum liðins.

Eftir þessa tvo leiki var farið til Ítalíu og leikið gegn U23 liði Saudi Arabíu. Þetta var besti leikur liðins og greinilegt að þjálfararnir voru farnir að sjá hvaða lið þeir voru með í höndunum og einnig voru leikmennirnir farnir að þekkja hvorn annan betur. Íslenska liðið gaf fá færi á sér og beitti skyndisóknum og náði 2 – 0 forystu með mörkum frá Tryggva Hrafni Haraldsyni á 57. mínútu og Jóni Degi Þorsteinssyni á 67. mínútu. Sádi Arabía náði að minnka muninn áður en Ægir Jarl Jónasson innsiglaði 3 – 1 sigur á 95. mínútu.

Boð barst frá Englendingum sem voru að undirbúa lið sitt fyrir lokakeppni U21 karla þ.e leikmenn fædda ´94 og ´95 um að leika æfingaleik 10. júní með leikmenn Íslands fædda sömu ár. Leikið yrði fyrir luktum dyrum á St. Georges Park æfingasvæði ensku landsliðanna því England vildi ekki að aðrar þjóðir væru að njósna um leik liðins fyrir lokakeppnina. Svar var sent um hæl að Ísland væri byrjað að undirbúa lið sitt með leikmenn fædda ´96 og ´97 og yngra fyrir næstu keppni og væru tilbúnir að leika með það lið hefðu Englendingar áhuga á því og voru þeir tilbúnir í það. Eðlilega voru Englendingar sterkari aðilinn í leiknum. Ísland lá vel til baka eins og oft áður og beitti skyndisóknum. Staðan í hálfleik var 0 – 0 en líklega hefði 1 – 1 verið sanngjarnt. Englendingar mættu mun ákveðnari í seinni hálfleik en það var samt ekki fyrr en Ísland hafði gert 6 breytingar á sínu byrjunarliði sem England skoraði sitt fyrsta mark og náðu síðan að bæta við 2 mörkum til viðbótar og lokastaðan því 3 – 0 tap. Engu að síður frábær reynsla fyrir okkar stráka enda voru þeir að mæta þó nokkrum leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar.

Fyrsti leikur undankeppni EM var leikinn á Víkingsvelli 4. september gegn Albaníu. Bæði lið léku varfærnislega í byrjun þó Albanía væri meira með boltann. Það var samt ekki gegn gangi leiksins að Axel Óskar Andrésson skoraði á 45. mínútu. Strákarnir voru ekki hættir að fagna þega Albanir jöfnu leikinn og í kjölfarið var flautað til leikhlés hálfleiks. Það sama var upp á teningnum í byrjun seinni hálfleiks Albanir meira með boltann og það fór svo að gestirnir komust yfir á 65. mínútu en Viktor Karl Einarsson jafnaði leikinn á 71. mínútu með skalla eftir aukaspynu. Albanir bættu svo við þriðja markinu stuttu eftir jöfnunarmarkið og því 2 – 3 tap á heimavelli staðreynd þrátt fyrir góðar sóknir Íslands á lokamínútum leiksins.

Næstu 2 leikir voru úti gegn Slóvakíu 5. október og Albaníu 10. október. Fyrri leikurinn var gegn Slóvakíu á NTC vellinum í bænum Poprad. Næsti alþjóðlegi flugvöllur við Poprad var í 90 mínútna fjarlægð frá bænum og ef flogið yrði þangað yrði lent kl. 01:00 eftir miðnætti. Til þess að gera undurbúninginn sem bestan var ákveðið að fljúga til Vínar æfa þar seinnipart komudags, æfa aftur um morguninn og keyra þaðan í 5 klst til Poprad. Að keyra í 5 klst

var c.a sá tími sem farið hefði í flug og keyrslu frá flugvelli til Proprad. Keyrsla var því mun þægilegri ferðamáti. Æft var á keppnisvelli daginn eftir komu til Poprad. Leikurinn var góð skemmtun og endaði með sigri Íslands. . Tóninn var í raun gefinn strax því strax á elleftu sekúndu leiksins var brotið á Tryggva Haraldssyni innan vítateigs en ekkert dæmt. Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfeik og hefðu bæði lið getað skorað mörk en eina mark hálfleiksins skorðaði Albert Guðmundsson á 8. mínútu eftir frábæra skyndisókn. Í seinni hálfleik var Slóvakía meira með boltann en skapaði sér ekki nein færi utan þess að þeir áttu eitt skot utan teigs sem markvörður íslenska liðsins varði af öryggi. Íslenska liðið átti margar góðar sóknir fékk nokkrar aukaspyrnur og hornspyrnur og skapaðist oft hætta upp við slóvenska markið. Heimamenn misstu síðan mann útaf undir lok leiksins og nýttu strákarnir liðsmuninn vel því að á 90. mínútu bætti Albert Guðmundsson við öðru marki sínu og Íslands. Verðskuldaður 0 – 2 sigur á Slóvökum.

Daginn eftir leikinn var keyrt til Vínar  á hótelið sem gist var á áður en farið var til Slóvakíu og æft þar þangað til farið var til Tirana í Albaníu daginn fyrir leikinn gegn þeim. Leikið var í Elbasan en þangað var um klukkutíma keyrsla frá Tírana. Búið var með góðum fyrirvara að bóka hótel í Elbasan en mánuði fyrir leik tilkynnti hótelið að albanska sambandið væri búið að panta hótelið fyrir U21 lið þeirra og því neyddust þeir til að afbóka okkur. Ekkert annað hótel er í Elbasan svo gist var í Tirana.
Strákarnir voru staðráðnir í að hefna fyrir tapið í fyrri leiknum en það sást á leik Albana að þeir ætlu sér ekki að tapa leiknum og lágu til baka í byrjun og gáfu fá færi á sér. Íslenska liðið átti hættulegri færi í leiknum en náðu ekki að skora svo niðurstaðan varð 0 – 0 jafntefli.

Fjórði og fimmti leikurinn í undankeppninni voru einnig útileikir. Gegn Spáni í Murcia 9. nóvember og Eistlandi í Tallinn 14. nóvember. Mikið óveður gekk yfir landið daginn fyrir brottför til Spánar 6. nóvember. Af þeim sökum urðu miklar tafir á flugi, það miklar að liðið missti af tengiflugi frá Osló til Alikante. Ekkert annað flug var frá Osló til Alikente sama dag svo gripið var til þess ráðs að fara frá Osló til Kaupmannahafnar og þaðan til Alikante. Á ótrúlega skömmum tíma tókst að breyta ferð farangursins þannig að hann færi sömu leið og liðið. Lent var síðan á Alikante kl. 01.00 þann 7. nóvember en þaðan var 80 mínútna akstur til Murcia.
Þegar mætt var að morgni dags á æfingavöllinn sem Spánverjarnir útveguðu brá mönnum í brún en holur voru hér og þar í vellinum og í raun stórhættulegat að æfa á honum. Æfingin var kláruð og kvartað var yfir vellinum við Spánverjana og óskað eftir því að þeir myndu útvega betri völl fyrir æfingu liðsins seinna um daginn. Svöruðu Spánverjar því til að enginn annar völlur væri í nágrenninu. Það yrði mjög erfitt að útvega völl með svona stuttum fyrirvara og það myndi taka 80 mínútur að keyra aðra leiðina á næsta æfingavöll. Við sættum okkur ekki við svona svör og höfðum samband við Lúðvík og Sigurð hjá Vita Sport og útveguðu þeir frábæran æfingavöll í 40 mínútna fjarlægð frá hótelinu. Daginn eftir var æft á leikvelli Murcia liðsins sem leikur í næstefstu deild á Spáni en völlurinn tekur 25 þúsund manns í sæti.
Strákarnir fengu svo góðan stuðning í leiknum en um 100 Íslendingar komu og sáu þá eiga góðan leik gegn feykisterku liði Spánverja en margir leikmenn liðins eru byrjunarliðsleikmenn í La Liga. Spánverjar voru mun meira með boltann og voru oft nálægt því að komast í góð færi en yfirleitt tókst strákunum að koma í veg fyrir þau. Spánverjar náðu að komast yfir rétt fyrir miðjan fyrri hálfleik og kom það mark úr langskoti. Í upphafi seinni hálfleiks var það sama upp á teningnum Spánverjar meira með boltann en þegar langt var liðið á seinni hálfleik og hlutirnir ekki að ganga upp hjá pánSverjum gekk íslenska liðið á lagið og fór að sækja meira og fékk tvo mjög góð færi til að jafna leikinn og það seinna í uppbótartimanum þegar boltinn smaug framhjá stönginni eftir skalla. Eftir það fóru Spánverjar að tefja leikinn og áhorfendur fóru að blístra á dómarann til að fá hann til að flauta leikinn af. Frábær leikur hjá strákunum en samt 1 – 0 tap.
Daginn eftir leik var haldið til Eistlands sem eftir á að hyggja var skynsamleg ákvörðun í ljósi æfingavallarins sem Spánverjar útveguðu. Eistarnir tóku mun betur á móti liðinu og æft var allan tímann á góðu en blautu æfingasvæði Flora Tallinn. Það ringdi eitthvað alla dagana í Tallinn og mikill raki í loftinu enda var keppnisvöllurinn það blautur að ósk kom frá Eistum að ekki yrði farið inn í vítateigana á síðustu æfingu fyrir leik. Orðið var við þeirri ósk enda sá eftirlitsmaður UEFA til þess að það sama ætti við um eistneska liðið. Leikurinn byrjaði á stórsókn íslenska liðsins sem beinlínis óð í færum allan fyrri hálfleikinn en inn vildi boltinn ekki. Það var því mikið áfall þegar Eistarnir skoruðu í einni af fáum sóknum sínum á síðustu mínútu fyrri hálfleiks. Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri með stórsókn. Það var því annað áfall að fá á sig mark beint úr aukaspyrnu á 51. mínútu. Það sást á strákunum þrátt fyrir þetta áfall að þeir ætluðu ekki að gegast upp. Blésu aftur til sóknar og nú fóru hlutirnir að gana upp. Albert Guðmundsson óð upp völlinn frá miðju og skaut hnitmiðuðu skoti rétt fyrir utan teig boltinn lá í netinu á 56. mínútu. Stórsókn stákanna hélt áfram og Eistar komust varla inn á vallarhelming Íslands. Hans Viktor Guðmundsson jafnaði síðan leikinn eftir hornspyrnu á 74. mínútu. Það var síðan Óttar Magnús Karlsson sem skoraði þriðjamarkið á 80. mínútu eftir eina af góðum sóknum liðsins. Ísland var svo mun nær því að bæta við fjórða markinu en Eistar að jafna. Frábær endurkoma og 2 – 3 sigur á blautum útivelli.

**Leikmenn**
Alls tóku þrjátíu og fjórir leikmenn þátt í öllum leikjum ársins. Þar af tóku átjan leikmenn þátt í mótsleikjunum fimm á árinu. Sindri Kristinn Ólafsson, Alfons Sampsted, Felix Örn Friðriksson, Hans Viktor Guðmundsson, Axel Óskar Andrésson, Tryggvi Hrafn Haraldsson og fyrirliðinn Albert Guðmundsson náðu að vera í byrjunarliði alla mótsleiki ársins.

**Lokaorð**
Undirbúningur fyrir riðlakeppnina var góður, fyrir utan æfingar þá spilaði liðið fjóra æfingaleiki og það er alveg ljóst að með frábærum árangri A-landsliðsins horfa fleiri þjóðir til okkar og bjóða til leiks. Þetta er gríðalega mikilvægt því gegnum árin hafa okkar yngri landslið spilað mun færri leiki heldur en þær þjóðir sem við berum okkur saman við.
Árangurinn í mótsleikjunum var á margan hátt góður en vissulega svíður tapið í fyrsta leik mikið. Að þessu sinni var leikjaröðunin svolítið sérstök, spilaðir voru fjórir útileikir og bara einn heimaleikur á árinu og fimmti útileikurinn í röð verður spilaður í Belfast í mars n.k. Með góðum úrslitum þar gæti haustið aftur á móti orðið spennandi þar sem við spilum fjóra síðustu leikina heima í september og október.
Góð vísa er aldrei of oft kveðinn, því vil ég eða endingu segja þetta;
Góður árangur U21 landsliðsins auka líkurnar á góðu A-landsliði, núverandi A-landslið er lifandi dæmi þess. Því er afar mikilvægt að hlúa vel að okkar yngri landsliðum og veita þeim þá umgjörð og þau verkefni sem þarf til að ná árangri og vera áfram samkeppnishæf við bestu fótboltaþjóðir Evrópu.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, leikmönnum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

*Vignir Már Þormóðsson, Formaður*

# Skýrsla unglinganefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhann Torfason, formaður, Gunnar Gunnarsson, Ingvar Guðjónsson, Pétur Ólafsson, Magnús Brandsson, Þórarinn Dúi Gunnarsson og Halldór Björnsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Gunnar Gylfason og Arnar Bill Gunnarsson

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglingalandsliðum Íslands. Þorlákur Már Árnasonn var þjálfari U17 landsliðsins og Þorvaldur Örlygsson þjálfari U19 landsliðsins þeir voru svo hvor örðum til aðstoðar. Dean Martin hafði umsjón U16 og U15, úrtökumóti og knattspyrnuskólanum. Markvarðaþjálfarar voru Elías Einarsson og Valþór Hilmar Halldórsson hjá U17 og Ómar Jóhannsson hjá U19. Liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson hjá U17 og Þuríður Guðnadóttir hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru og sjúkraþjálfarar

## U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2001 og síðar

Dagskrá þessa liðs var með hefðbundnu sniði, undirbúningsmót UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

**Undirbúningsmót í Skotlandi.**

Auk heimamanna tóku Austurríkismenn og Króatar þátt í mótinu. Fyrsti leikurinn var gegn Austurríki sem komst tvívegis yfir í leiknum en okkar menn jöfnðu í tvígang, fyrst Karl Friðleifur Gunnarsson og svo Atli Barkarson og lauk leiknum með jafntefli, í vítakeppninni sem fylgdi unnu Austurríkismenn hins vegar 4-3. Annar leikurinn var gegn Skotum og skoraði Atli fyrsta mark leiksins en Skotar jöfnuðu og skoruðu svo sigurmarkið rétt fyrir leikslok. Þriðji leikurinn var svo gegn Króatíu og lauk honum með markalausu jafntefli og hafnaði íslenska liðið í þriðja sæti á mótinu með 2 stig.

**Opna Norðurlandamótið**

Mótið var að þessu sinni haldið í hér á landi 30. júlí – 6. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Norðmönnum, Norður-Írum og Pólverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Norður Írum í Sandgerði. Andri Lucas Guðjohnsen skoraði strax í upphafið leiksins og Karl friðleifur og Stefán Ingi Sigurðarson bættu við í síðari hálfleik og góður 3-0 sigur staðreynd. Annar leikurinn var gegn Norðmönnum í Vogum. Norðmenn komust yfir um miðjan síðari hálfleik en Guðmundur Axel Hilmarsson jafnaði stuttu síðar og 1-1 jafntefli niðurstaðan. Í þriðja leiknum beið liðið svo lægri hlut fyrir Pólverjum í Garðinum 1-2 . Mark Íslands gerði Atli Barkarson í uppbótartíma. Norðmenn unnu riðilinn með 7 stig, Pólverjar hlutu 6, Ísland 4 en Norður írar ekkert. Í leik um 5 sætið mætti íslenska liðið Finnum og lauk leiknum með 2-2 jafntefli, Andri Lucas og Karl Friðleifur skorðuðu fyrir Ísland. Finnar unnu svo vítakeppnina sem fylgdi 2-4 og sjötta sætið því niðurstaðan.

**Undankeppni EM**

Undankeppni Evrópumótsins var leikin í Finnlandi um mánaðamótin september – október og voru mótherjarnir auk heimamanna, Rússar og Færeyingar. Fyrsti leikurinn var gegn Finnum og lauk honun 0-0 en annan leikinn gegn Færeyingum vann íslenkska liðið 0-2 með tveimur mörkum frá Stefáni Inga. Lokaleikurinn var svo gegn Rússum og var úrslitaleikur um hvort liðið kæmist áfram í keppninni. Þar var það Andri Lucas sem gerði bæði mörk Íslands og annar 0-2 sigurinn staðreynd og sæti í milliriðlum tryggt.
U18 landslið karla – Leikmenn fæddir 2000 og síðar.

Liðinu var boðið á mót í Tékklandi í lok ágúst og var þar í riðli með Tékkum, Úkraínumönnum og Slóvökum. Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum sem unnu 3-0 sigur. Annar leikurinn var gegn Slóvökum og þá var komið að Íslenska liðinu að vinna 0-3 með tveimur mörkum frá Degi Dan Þórhallssyni og einu frá Ágústi Eðvald Hlynssyni. Lokaleikunum gegn Úrkaínu lauk 1-1 og var það Brynjólfur Darril Willumsson sem skoraði mark Íslands á lokamínútum leiksins. Tékkar unnu riðillinn með 9 stig, Ísland hlaut 4, Úkraína 2 stig og Slóvakar eitt. Ísland lék því um 3 sætið í mótinu gegn Bandaríkjunum sem unnu 4-0 sigur og tryggðu sér bronsið.
U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 1999 og síðar

**Vináttulandsleikir**

Liðið lék tvo vináttulandsleiki í byrjun september gegn Wales ytra. Fyrri leikinn vann íslenska liðið 0-4 Guðmundur Andri Tryggvason og Stefán Alexander Ljubicic gerðu sín tvö mörkin hvor. Það var svo Ástbjörn Þórðarson sem gerði eina markið í seinni leiknum og 0-1 sigur.
Undankeppni Evrópumótsins

Riðill Íslands var leikin í nóvember við Svartahafsströnd Búlgaríu en þar að auki voru Englendingar og Færeyingar í riðlinum. Fyrsti leikur Íslands var gegn heimamönnum sem unnu 2-1 sigur þar sem Kolbeinn Birgir Finnsson skoraði mark Íslands úr vítaspyrnu seint í leiknum. Annar leikurinn var gegn Englendingum og aftur varð 2-1 tap niðurstaðan, Daníel Hafsteinsson skoraði mark Íslands. Lokaleikurinn gegn Færeyjum fór einnig 2-1 en að þessu sinni fyrir Ísland, Kristófer Ingi Kristinsson og Stefán Alexander skoruðu mörkin. Englendingar með níu stig og Búlgarir með sex komust áfram í milliriðla en Ísland með þrjú stig og Færeyingar stigalausir sátu eftir.

## U15 landslið karla – leikmenn fæddir 2003

**Vináttulandsleikir**

Spilaðir voru tveir vináttulandsleikir í gegn Færeyjum í nóvember. Fyrri leikurinn var í Egilshöll og vann Ísland 5-1 sigur. Daneijel Dejan Duric, Ari Sigurpálsson, Ivan Óli Santos og Anton Logi Lúðvíksson (tvö) skorðuðu mörkin. Síðari leikurinn var leikinn í Akraneshöllinni og vannst 7-0. Daniel Dejan gerði fyrstu 3 mörkin og svo bættu Jón Hrafn Barkarson, Ísak Bergmann Jóhannesson, Tómas Þórisson og Guðmundur Tyrfingsson við sínum markinu hver.

**Lokaorð**

Yngri landsliðin léku 21 landsleik á árinu. Það er verkefni næstu ára að fjölga þessum leikjum sem eru svo mikilvægir fyrir þróun og framtíð landsliðana og landsliðsmanna okkar.
Ég þakka samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum liðanna og leikmönnum samstarfið á árinu sem og starfsfólki skrifstofu KSÍ.

*Jóhann Torfason, formaður*

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2017: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, , Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Íris Sæmundsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Þorvaldur Ingimundarson.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru æfingar, vináttulandsleikir, Algarve-mótið og undankeppni HM 2019 að ógleymdri úrslitakeppni EM í Hollandi. Landsliðsþjálfari var Freyr Alexandersson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, sjúkraþjálfararnir Jófríður Halldórsdóttir, Ásta Árnadóttir og Ari Már Fritzson. Læknar Óskar Valdórsson og Arnar Sigurðsson, liðsstjórar þær Margrét Ákadóttir og Laufey Ólafsdóttir, styrktarþjálfari Hjalti Rúnar Oddsson og Óskar Örn Guðbrandsson var fjölmiðalfulltrúi liðsins. Þá komu Víðir Reynisson og Aleksandra Wójtowicz að öryggismálum í úrslitakeppni EM í Hollandi og í aðdraganda hennar, Hinrik Ingi Guðbjargarson var kokkur liðsins í Hollandi og Hilmar Þór Guðmundsson var íslenskum fjölmiðlamönnum innan handar í kringum úrslitakeppnina.

Keppnistímabilið hófst með æfingabúðum á Akureyri þar sem 30 leikmenn voru við æfingar í Boganum, dagana 19. – 22. janúar. Að venju var svo leikið á Algarve mótinu og voru 23 leikmenn valdir í það verkefni. Fyrsti leikurinn var gegn Noregi og komust þær norsku yfir á 4. mínútu en Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir svaraði aðeins fjórum mínútum síðar og þar við sat. Næst var leikið við Japan sem að vann verðskuldaðan 2 – 0 sigur. Í lokaleik riðilsins var leikið gegn Spáni þar sem markalaust jafntefli varð niðursaðan í hörkuleik. Ísland lenti því í þriðja sæti riðilsins og mætti Kína í leik um 9. sætið. Þær Sigríður Lára Garðarsdóttir og Málfríður Erna Sigurðardóttir skoruðu mörkin í 2 – 1 sigri. Spánverjar höfðu sigur í mótinu eftir sigur á Kanada í úrslitaleik. Sara Björk Gunnarsdóttir lét sinn 100. landsleik fyrir Íslands hönd í tapleiknum á móti Japönum.

Í undirbúningi liðsins fyrir úrslitakeppnina í Hollandi voru leiknir 4 vináttulandsleikir. Leikið var gegn Slóvakíu í Senec, 6. apríl, og skoruðu þær Elín Metta Jensen og Berglind Björg Þorvaldsdóttir mörkin í öruggum sigri. Fimm dögum síðar var leikið gegn Hollandi í Doetinchem og höfðu heimastúlkur þar tögl og haldir og unnu öruggan 4 – 0 sigur. Í júní var svo leikið gegn Írum í Dublin þar sem niðurstaðan varð 0 – 0 jafntefli þar sem ausandi rigning setti mikinn svip á leikinn. Haldið var svo heim á Laugardalsvöll þar sem leikið var gegn Brasilíu. Var þetta í fyrsta skiptið sem brasilískt landslið lék landsleik í knattspyrnu hér á landi. Aðskóknarmet á kvennalandsleik á Laugardalsvelli var slegið en 7.521 áhorfandi sáu Brasilíu vinna 1 – 0 sigur í stórskemmtilegum leik þar sem, besta knattspyrnukona heims, Marta skoraði sigurmarkið.

Kappkostað var við að undirbúa liðið sem berst fyrir úrslitakeppnina í Hollandi og gekk undirbúningurinn vel, þó svo að mikil meiðsli hafi sett svip sinn á hópinn. Á Algarve meiddust þær Sandra María Jessen og Dóra María Lárusdóttir illa og gegn Hollandi meiddist Elísa Viðarsdóttir. Fyrir síðasta vináttulandsleikinn gegn Brasilíu kom svo í ljós að Margrét Lára Viðarsdóttir gat ekki leikið í Hollandi vegan meiðsla.

EM- hópurinn var svo tilkynntur 22. júní og liðið kom saman til æfinga 3. júlí. Æft var að mestu á Laugardalsvelli en einnig fór hópurinn í æfingabúðir á Selfoss áður en haldið var til Hollands 14. júlí. Fyrsti leikuinn á EM var gegn Frökkum og var um hörkuleik að ræða og mikla baráttu frá upphafi til enda. Það var því grátlegt að Frakkar fengu ódýra vítaspyrnu á 86. mínútu leiksins sem þær nýttu og tryggðu sér sigur. Næstu mótherjar voru Sviss og eftir 33. mínútna leik kom Fanndís Friðriksdóttir Íslandi yfir með hnitmiðuðu skoti eftir frábæra sendingu frá Dagnýju Brynjarsdóttur. Þær svissnesku jöfnuðu metin rétt fyrir leikhléið og eftir sjö mínútna leik í seinni hálfleik skoruðu þær sigurmarkið í leiknum. Þessi úrslit og jafntefli Frakklands og Austurríkis þýddu það að íslenska liðið átti ekki möguleika á að komast í 8 liða úrslit, þrátt fyrir að einn leikur væri eftir í riðlinum. Þau vonbrigði náði hópurinn ekki að hrista af sér og náði íslenska liðið sér aldrei á strik gegn Austurríki í síðasta leiknum sem endaði 0 – 3. Gestgjafarnir frá Hollandi stóðu uppi sem sigurvegarar mótsins eftir fjörugan og skemmtilegan úrslitaleik við Dani.

Vonbrigðin voru mikil með árangur liðsins í úrslitakeppninni en einn punktur skein þó skært en það var stuðningur íslenskra áhorfenda. Tæplega þrjú þúsund Íslendingar studdu liðið í öllum leikjum keppninnar og settu frábæran svip á þessa úrslitakeppni svo tekið var eftir.

Framundan var svo undankeppni HM 2019 en þar er Ísland í riðli með Þýskalandi, Tékklandi, Slóveníu og Færeyjum. Fyrsti leikurinn var gegn Færeyingum á heimavelli og þar vannst öruggur sigur, 8 – 0. Elín Metta

Jensen, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir skoruðu 2 mörk hvor og þær Sara Björk Gunnarsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir sitt markið hvort.
Næst var svo haldið í víking þar sem leikið var gegn Þýskalandi og Tékklandi, 20. og 24. október. Það er óhætt að segja að einn besti sigur í íslenskri knattspyrnusögu hafi verið unninn í Wiesbaden þegar Þjóðverjar voru lagðir 3 – 2. Í mögnuðum leik kom Dagný Brynjarsdóttir Íslandi yfir á 15. mínútu en Þjóðverjar jöfnuðu rétt fyrir leikhlé. Elín Metta Jensen og Dagný komu Íslandi í 3 – 1 áður en heimastúlkur minnkuðu muninn á 88. mínútu. Sögulegur sigur en þýska liðið hafði unnið 37 leiki í röð í undankeppni HM og EM á heimavelli. Því næst var haldið tl Znojmo þar sem leikið var gegn Tékkum. Dagný Brynjarsdóttir kom Íslandi yfir á 44. mínútu en Tékkar jöfnuðu í síðari hálfleik. Leikurinn var jafn og gríðarlega harður en Tékkar eru með mjög sterkt lið um þessar mundir.

Ísland hefur tapað fæstum stigum í riðlinum til þessa þó svo að Þjóðverjar séu með 9 stig og Tékkar 7 stig, eins og Íslendingar, en Ísland hefur leikið einum leik færra en þessar þjóðir. Framundan á árinu 2018 eru útileikir gegn Slóveníu og Færeyjum í apríl en riðlinum lýkur með þremur heimaleikjum, gegn Slóvenum í júní og gegn Þjóðverjum og Tékkum í byrjun september. Það er því gríðarlega spennandi ár framundan hjá kvennalandsliðinu þar sem liðið stefnir ótrautt á það að tryggja sér sæti á HM í Frakklandi árið 2019.

Alls lék liðið 14 leiki á þessu viðburðarríka ári, 3 í úrslitakeppni EM, 3 í undankeppni HM og 8 vináttulandsleiki. Sigrarnir urðu fjórir, eins og jafnteflin og töpin sex.

Þegar árið er gert upp stendur sigurinn á Þjóðverjum upp úr sem knattspyrnulega afrek ársins hjá liðinu. Úrslit leikja á EM eru ákveðin vonbrigði en umgjörð liðsins, stuðningur áhorfenda, umfjöllun fjölmiðla og samstaða leikmanna og starfsliðsins er það sem ársins 2017 verður einnig minnst fyrir. Það er því við hæfi að lokaorð þessarar samantektar sé tileinkuð þeim sem lögðu sitt á vogarskálarnar, hvort sem það var inni á vellinum sjálfum, í stúkunni eða í kringum liðið á annan hátt. Allir eiga sinn þátt í því að íslensk kvennaknattspyrna er komin á þann stað að eftir því er tekið, innan sem utan vallar.

Starfsmönnum liðsins, leikmönnum og nefndarfólki þakka ég ómetanleg störf á liðnu starfsári og hlakka til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni næsta knattspyrnuárs.

*Guðrún Inga Sívertsen, formaður*

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2017: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Sigrún Ríkharðsdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Tómas Þóroddsson, Viggó Magnússon og Hafsteinn Steinsson sem kom nýr inn á árinu.

Hlutverk nefndarinnar er umsjón með U16/U17 og U19 landsliðum kvenna. Þjálfarar þessara liða eru Þórður Þórðarson (U19) og Jörundur Áki Sveinsson (U16/U17). Sú nýbreytni var gerð um áramótin 16/17 að ráða þjálfarana í fullt starf og hefur það reynst góð ákvörðun, bæði hvað varðar faglega þáttinn og eins það að allt utanumhald liðanna er í höndum þjálfaranna. Vonandi er þetta fyrirkomulag komið til þess að vera til framtíðar. Sjúkraþjálfarar liðanna voru Guðrún Sigurðardóttir og Hildur Grímsdóttir. Unnur Sædís Jónsdóttir tók að sér NM U16 í Finnlandi. Þórdís Ólafsdóttir kom svo inn sem þriðji sjúkraþjálfari liðanna nú í nóvember. Var það talið nauðsynlegt þar sem verkefni liðanna hefur fjölgað.

Læknar liðanna voru Valur Helgi Kristinsson, Sigurbjörn Björnsson, Sigrún Arnardóttir, Hjörtur Þór Hauksson og Jón Torfi Halldórsson. Enginn læknir komst með til Finnlands á NM U16 í júlí og var það miður. Við fengum aðstoð frá Finnum og Þjóðverjum þegar upp komu meiðsli sem voru þess eðlis að við þurftum aðstoð læknis.
Liðstjórar voru Sigríður Fanney Pálsdóttir með U19 og Kristín Ýr Bjarnadóttir, Mínerva Afreðsdóttir og Hanna Dóra Markúsdóttir með U16/U17.

U19 (1998/99) lék vináttuleki við Ungverjaland ytra, 11. og 13. apríl s.l. Fyrri leikurinn tapaðist 2-0, seinni leikurinn endaði með jafntefli 1-1. Anna Rakel Pétursdóttir skoraði mark Íslands.
Milliriðill U19 fór fram í Magdeburg, Þýskalandi 7.-12.júní. Liðið tapaði 4-0 gegn Þýskalandi. Tapaði 2-1 gegn Póllandi. Mark Íslands skorðaði Ásdís Karen Halldórsdóttir. Í síðasta leiknum á móti Sviss varð jafntefli niðurstaðan, 2-2. Mörk Íslands skoruðu Ásdís Karen Halldórsdóttir og Kristín Dís Árnadóttir. Liðið endaði í síðasta sæti riðilsins með 1 stig. Margt jákvætt var hægt að sjá í leik liðsins, sérstaklega í síðasta leiknum á móti Sviss.

U19 (1999/00) spilaði í undankeppni EM 2018 í Duisburg í Þýskalandi 12.-18.september s.l.
Fyrsti leikur var gegn Svartfjallalandi og þar var staðan 0-0 í hálfleik. Það var hinsvegar aðeins eitt lið á vellinum í síðari hálfleik. Stelpurnar okkar skoruðu 7 mörk og frábær sigur í fyrsta leik. Mörk Íslands: Hlín Eiríksdóttir 2; Stefanía Ragnarsdóttir 1; Sólveig Jóhannesdóttir Larsen 1; Aníta Lind Daníelsdóttir 1; Bergdís Fanney Einarsdóttir 1; Kristín Dís Árnadóttir 1
Kósóvó voru andstæðingar liðsins í öðrum leik. Það var erfiðari leikur en leikurinn gegn Svartfjallalandi. 2-0 sigur var niðurstaðan, bæði mörk liðsins skoraði Sólveig Jóhannesdóttir Larsen.
Í síðasta leiknum mætti liðið heimastúlkum frá Þýskalandi. Ljóst var að það yrði erfiður leikur enda Þýskaland með ógnarsterkt lið í þessum aldursflokki. Íslenska liðið stóð sig gríðarlega vel og stóð vel í Þjóðverjunum en varð að sætta sig við tap 1-0.

U16 (2001/2002) tók þátt í tveimur verkefnum á árinu. Fyrst var farið til Skotlands í febrúar á UEFA Youth Development Tournament. Ásamt okkur og heimamönnum voru Tékkland og Austurríki þátttökuþjóðir í mótinu. Fyrsti leikur var á móti Tékklandi og tapaðist hann 1-0 í jöfnum leik.
Næsti leikur var á móti Skotlandi og þar áttu stelpurnar ekki sinn besta dag og 3-0 tap staðreynd. Í síðasta leiknum á móti Austurríki, sem var búið að vinna báðar þessar þjóðir, stóðu stelpurnar sig gríðarlega vel og unnu leikinn 1-0. Mark Íslands skoraði Signý Ylfa Sigurðardóttir. Flott mót og mikil reynsla fyrir leikmenn sem voru flestir að spila sinn fyrsta landsleik.

Seinna verkefni liðsins var NM U16 í Oulo í Finnlandi í júlí. Þar var Ísland í riðli með Finnlandi, Frakklandi og Svíþjóð. Þetta var virkilega gott mót fyrir okkur. Í opnunarleiknum á móti Finnum þá unnum stelpurnar frábæran sigur 2-1. Finnar ætluðu sér klárlega að vinna okkur og því var niðurstaða leiksins mikil vonbrigði fyrir þá en að sama skapi frábær fyrir okkur. Mörk Íslands skoruðu þær Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir og Barbára Sól Gísladóttir. Í öðrum leik spilaði liðið gegn Frakklandi. Það var hörkuleikur sem gat farið á hvorn veginn sem var. Það voru hinsvegar Frakkar sem skoruðu eina mark leiksins. Úrslit leiksins voru mikil vonbrigði enda allt lagt í leikinn af hálfu íslenska liðsins. Þá var einn leikur eftir í riðlinum á móti Svíþjóð. Eftir vonbrigðin á móti Frakklandi þá létu stelpurnar það ekki slá sig útaf laginu og unnu sannfærandi 3-2 sigur. Virkilega vel gert. Mörk liðsins skoruðu Ísafold Þórhallsdóttir, Sveindís Jane Jónsdóttir og Hildur Þóra Hákonardóttir. Í lokaleik liðsins á mótinu

spilaði liðið við Þýskaland um þriðja sætið á mótinu. Þar átti liðið ekki góðan dag og 4-0 tap var staðreynd. Engu að síður þá var endaði liðið í 4. sæti og teljum við það ásættanlegan árangur.

| Ú = Skipt Útaf | V = Skipt inná | R = Rauð spjöld (0) | | | | |

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Steinar Ingimundarson, Katla Guðjónsdóttir, Magnús Ásgrímsson, Róbert B. Agnarsson, og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson mótastjóri, Guðlaugur Gunnarsson og Þorvaldur Ingimundarson. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ, og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

**Úrslit leikja og stöðutöflur**

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ koma fram í bókinni *Íslensk knattspyrna 2017* eftir Víði Sigurðsson, sem Tindur gefur út. Þetta er í 16. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni. Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak.

**Flokkun og fjöldi leikja**

Leikjum fjölgar verulega milli ára, eða um 314. Þetta er mesti leikjafjöldi í mótum á vegum KSÍ frá upphafi. Skýringuna má rekja til fjölgunar leikja í 11 manna bolta. Hjá meistaraflokki karla fjölgaði leikjum um 87, í yngri flokkum 11 manna fjölgaði leikjum milli ára um 176, þ.e. 97 hjá drengjum og 79 hjá stúlkum.

Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um mótin 2017 og samanburð við árin á undan.

**Heildarfjöldi KSÍ leikja**

| Leikár | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2008 | 2006 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikir samtals | 5.675 | 5.361 | 5.300 | 5.439 | 5.520 | 5.403 | 5.545 | 5.515 | 4.998 | 5.179 | 4.926 |

**Fjöldi KSÍ leikja í meistaraflokki**

| Karlar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 740 | 671 | 668 | 685 | 668 |
| Bikarkeppni | 77 | 73 | 76 | 74 | 71 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Deildarbikar | 188 | 174 | 208 | 198 | 202 |
| **Samtals** | **1006** | **919** | **952** | **958** | **949** |

| Konur | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 252 | 246 | 219 | 239 | 225 |
| Bikarkeppni | 27 | 30 | 27 | 26 | 25 |
| Meistarakeppni | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Deildarbikar | 72 | 76 | 66 | 66 | 66 |
| **Samtals** | **352** | **353** | **312** | **332** | **317** |

**Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum - 11 manna lið**

| Karlar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 1288 | 1192 | 1174 | 1158 | 1122 |
| Bikarkeppni | 52 | 51 | 50 | 49 | 52 |
| **Samtals** | **1340** | **1243** | **1224** | **1207** | **1174** |

| Konur | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 571 | 494 | 463 | 482 | 459 |
| Bikarkeppni | 34 | 32 | 33 | 33 | 37 |
| **Samtals** | **605** | **526** | **496** | **515** | **496** |

**Fjöldi KSÍ leikja í yngri flokkum -7 manna lið og 5 manna lið**

| Karlar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 1018 | 1074 | 1003 | 834 | 939 |
| Pollamót ** | 367 | 312 | 369 | 495 | 514 |
| **Samtals** | **1385** | **1386** | **1372** | **1329** | **1453** |

*** Leikið í 5 manna liðum frá 2013.*

| Konur | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 466 | 469 | 472 | 404 | 517 |
| Hnátumót ** | 219 | 212 | 210 | 249 | 230 |
| **Samtals** | **685** | **681** | **682** | **653** | **747** |

*** Leikið í 5 manna liðum frá 2013.*

**Fjöldi landsleikja og Evrópuleikja félagsliða**

| Karlar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 42 | 44 | 37 | 44 | 38 |
| Evrópuleikir félagsliða | 16 | 10 | 12 | 18 | 20 |
| Evrópuleikir fél. futsal | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 |
| Evrópuleikir fél. ungl. | 2 | 2 | 2 | 0 | 2 |
| **Samtals** | **60** | **56** | **54** | **62** | **60** |

| Konur | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Landsleikir | 37 | 32 | 33 | 31 | 37 |
| Evrópuleikir fél. | 7 | 5 | 5 | 2 | 2 |
| **Samtals** | **44** | **37** | **38** | **33** | **39** |

**Fjöldi annarra leikja**

| Karlar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót innanhúss | 55 | 49 | 55 | 149 | 113 |
| Eldri flokkar | 89 | 95 | 78 | 78 | 85 |
| **Samtals** | **144** | **144** | **133** | **227** | **198** |

| Konur | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsmót inni | 15 | 4 | 27 | 107 | 81 |
| Mót fatlaðra* | 39 | 12 | 10 | 16 | 6 |
| **Samtals** | **54** | **16** | **37** | **123** | **87** |

** Leikið í blönduðum liðum*

**Skipulag móta í meistaraflokki**

Leikið var eftir nýju fyrirkomulagi í meistaraflokki kvenna, en í fyrsta skipti var leikið í þremur deildum. Þar sem félögum í meistaraflokki kvenna fækkaði um þrjú lið á milli ára var ekki þörf á að riðlaskipta 2. deild kvenna. Þar með var ekki úrslitakeppni í meistaraflokki líkt og mörg undanfarin ár, en hvort þessi fækkun sé viðvarandi á eftir að koma í ljós.

Skipulag leikja í Pepsi-deild kvenna tók mið af þátttöku A-landsliðs kvenna á EM í Hollandi. Keppni hófst fyrr en venjulega, þ.e. 27. apríl, og var gert hlé á mótinu í rúmar fimm vikur af þessum sökum. Mótanefndin átti erfitt með að meta hvort gera ætti hlé á öðrum mótum vegna EM og var farin sú leið að gefa út til félaga að þau félög sem óskuðu eftir því að vera í fríi á þessum tíma myndu fá frí svo fremi sem ósk um það kæmi fram á meðan mótin voru enn í vinnslu. Nokkur félög nýttu sér það. Jafnframt komu fram óskir þegar fram á sumarið var komið og var reynt að færa til leiki hjá hlutaðeigandi félögum svo allir kæmust til Hollands.

Í Pepsi-deild karla var dregið í töfluröð samkvæmt forskrift sem félögin í deildinni ákváðu sjálf og er það í fyrsta skipti sem sá háttur er hafður á við drátt í töfluröð. Að öðru leyti var skipulag móta meistaraflokks karla með hefðbundnum hætti.

Nokkuð var um að nefndinni bærust óskir um breytingar á leikjum eftir að búið var að staðfesta niðurröðun leikja. Sumar þessara óska voru beinar afleiðingar af framgöngu okkar liða í Evrópukeppnum félagsliða, m.a. var leikið um Verslunarmannahelgi og inn í landsleikjahléi af þessum sökum. Meirihluti þessara óska var samt sem áður þannig að hægt hefði verið að koma þeim á framfæri á meðan vinna við niðurröðun leikjanna fór fram. Slíkt hefði haft í för með sér verulegan vinnusparnað og minni óþægindi fyrir KSÍ og hlutaðeigandi félög.

Um mitt sumar barst KSÍ athugasemd frá UEFA vegna leiks í Pepsi-deild karla árið 2016 sem fór fram á sama degi og leikur í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Slíkt er óheimilt að viðlögðum mögulegum sektum. Slíkir leikir hafa farið fram í deildinni mörg undanfarin ár án athugasemda. Sökum þess hve seint athugasemdin barst var ákveðið að halda áður útgefnu leikjaplani en jafnframt gæta þess að forðast sambærilegan árekstur árið 2018.

Afturelding og Fram sameinuðu keppnislið sitt í meistaraflokki kvenna. Jafnframt tilkynntu KH og Skínandi ekki þátttöku.

Sjö ný félög bættust við í meistaraflokki karla, þ.e. Álafoss, Drangey, Elliði Hrunamenn, Kórdrengir, Skautafélag Reykjavíkur og Úlfarnir. Örninn ákvað að taka ekki þátt.

**Lengjubikarinn**

Leikið var með sama fyrirkomulagi og árið 2016, en þá voru gerðar breytingar í A-deild karla. Samt sem áður voru smávægileg vandamál við að koma fyrir leikjum í úrslitakeppni A-deildar karla vegna æfingaferða félaga. Brugðist hefur verið við þessu fyrir keppnistímabilið 2018 með þvi að minnka úrslitakeppni A-deildar karla í 4-lið í stað 8-liða áður.

71 lið karla og 28 lið kvenna tóku þátt í Lengjubikarnum 2017.

**Aðsókn í Pepsi-deild karla 2017**

Alls komu 110.675 áhorfendur á leiki Pepsi-deildar karla á nýliðnu tímabili eða 838 að meðaltali á hvern leik. Flestir mættu á heimaleiki KR eða 1.124 að meðaltali á hvern leik. Næst besta aðsóknin var á Kópavogsvöll þar sem 1.081 áhorfendur mættu að meðaltali. Flestir áhorfendur voru á leik FH og Stjörnunnar, en þá sóttu 2.036 áhorfendur Kaplakrika heim.

Flestir komu á leiki 6. umferðar Pepsi-deildar karla í ár en 6.783 áhorfendur mættu á þá leiki sem gerir 1.131 að meðaltali á hvern leik. Fæstir mættu á leiki 20. umferðar en þá mættu 3.222 áhorfendur eða 537 að meðaltali hvern leik. Aðsóknin í ár olli vonbrigðum og er meðalaðsóknin sú slakasta síðan 1998 á leiki í efstu deild karla.

| Pepsi-deild karla | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samtals | 110.675 | 128.741 | 146.138 | 121.852 | 139.576 | 136.740 | 148.163 | 159.092 | 135.783 | 145.958 |
| Meðaltal á leik | 838 | 975 | 1.107 | 923 | 1.057 | 1.034 | 1.122 | 1.205 | 1.029 | 1.106 |

**Íslandsmót yngri flokka**

Smávægilegar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi í 4. og 5. flokki. Í 5. flokki var nú leikið í 8 manna liðum í stað 7 manna liða áður. Þar sem þessi breyting var gerð á ársþinginu, eftir að þátttökutilkynningar í mót sumarsins höfðu borist, var óvenju mikið um úrsagnir liða úr mótum 5. aldursflokks. En 12 lið hættu þátttöku og var ekki innheimt hefðbundið sektargjald skv. reglurgerð vegna þessa.

Úrslitakeppni 4. flokks karla og kvenna var breytt á þann hátt að úrslitakeppnin fór ekki fram í hraðmóti á einni helgi líkt og mörg undanfarin ár. Þess í stað var úrslitakeppnin leikin yfir alla vikuna á heimavöllum liðanna. Þetta var gert vegna ábendinga um að álag á leikmenn væri of mikið með gamla fyrirkomulaginu. Hefðbundnu háværu athugasemdirnar um staðarval úrslitakeppna komu því ekki fram í 4. flokki þetta árið.

Fyrirkomulag móta í yngri aldursflokkum var að öðru leyti með hefðbundnu sniði. Að venju var nokkuð um að félög óskuðu eftir flutningi milli riðla/deilda. Var reynt að verða við þeim óskum eins og kostur var.
Árið 2016 var gert að skildu að félög skráðu leikskýrslur í 5. aldursflokki líkt og gert er í eldri aldursflokkum. Það ár var þetta mörgum félögum mjög erfitt, en í ár gekk þetta betur. Vonandi verður þetta enn betra á næsta ári.

Hækkun varð á breytingagjaldi leikja ef óskir um breytingar berast innan sjö daga frá leikdegi. Hækkunin fór úr kr. 1000.- í kr. 2.000 í leikjum yngri flokka og úr kr. 5.000.- í kr. 15.000 í meistaraflokki. Innheimt voru breytingagjöld að upphæð 499 þúsund en voru 468 þúsund árið 2016.

**Sameiginleg keppnislið**
Ávallt er verulegur fjöldi keppnisliða í íslandsmótum skipaður leikmönnum sem koma frá tveimur eða fleiri félögum samkvæmt heimild í reglugerð. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda þessara liða. Athuga ber að bakvið hvert sameiginlegt lið yngri flokka getur verið A, B, C, og D-lið.

**Fjöldi sameiginlegra liða 2017**

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 5 |
| 2. flokkur karla | 17 |
| 3. flokkur karla | 7 |
| 4. flokkur karla | 7 |
| 5. flokkur karla | 6 |
| Eldri flokkur karla | 2 |

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur kvenna | 4 |
| 2. flokkur kvenna | 5 |
| 3. flokkur kvenna | 9 |
| 4. flokkur kvenna | 9 |
| 5. flokkur kvenna | 6 |
| | |

**Fjöldi liða í mótum**
Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni. Í ár tóku 935 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ, 638 lið karla og 297 lið kvenna. Er þetta fjölgun um 36 lið milli ára. Árið 2013 voru samtals 996 lið sem mættu til leiks í kjölfar þess að keppni í 6. flokki var breytt úr 7 manna bolta í 5 manna bolta. Liðum í þeim aldursflokki fækkaði svo jafnt og þétt næstu þrjú árin en mögulega er komið jafnvægi á þær skráningar. Samt sem áður er það svo að mörg af þeim félögum sem eru með flesta iðkendur kjósa að taka ekki þátt í Polla- og Hnátumóti KSÍ í 6. flokki. Lið frá 81 félagi tók þátt í Íslandsmótum og bikarkeppni meistaraflokks karla og hafa aldrei verið fleiri. Sambærilegar tölur í meistaraflokki kvenna eru 29 lið sem er fækkun um þrjú lið frá árinu 2016.

**Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss – Futsal**
Líkt og undanfarin ár var ekki leikið í yngri flokkum. Í móti meistaraflokka tóku þátt 16 lið karla og 6 lið kvenna. Að venju fóru úrslitaleikir mótsins fram í Laugardalshöll. Leikir í undanúrslitum og úrslitaleikir mótsins voru í beinni útsendingu á Sport TV.
Ekkert lið frá Íslandi tók þátt í UEFA Futsal Cup þetta árið.

**Vanræksla, agabrot og sektir**
Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um að ræða sektir vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum og vegna liða sem ekki mættu til leiks. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Í 6 tilfellum þurfti að sekta félög vegna liða á þeirra vegum sem ekki mættu til leiks. Heildarsektir á félögin voru rúmlega kr. 2,5 milljónir sem er svipuð tala og árið 2016..

| | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku | 30 | 29 | 24 | 29 | 41 | 37 | 33 | 28 | 28 | 34 |
| Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki | 6 | 7 | 9 | 6 | 16 | 3 | 15 | 8 | 26 | 19 |

**Íslandsleikar fatlaðra – Special Olympics**
KSÍ sá um framkvæmd Íslandsleika ÍF í knattspyrnu eins og undanfarin ár. Haldin hafa verið tvö mót árlega, á vorin og haustin. Í ár urðu lítilsháttar breytingar á mótunum. Í stað haustmótsins voru haldnir Alþjóðaleikar Asparinnar í samstarfi milli KSÍ, KRR og Asparinnar, íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Alls tóku 12 lið þátt í mótinu og þar á meðal 2 lið frá Færeyjum og eitt lið frá eyjunni Mön og fóru leikarnir fram í Egilshöll. Auk Asparinnar tóku þátt lið frá Nes, íþróttafélagi fatlaðra í Reykjanesbæ, FC Sækó og Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Vormótið var eins og í fyrra haldið í samvinnu við Þrótt R og var haldið á Eimskipsvellinum. Alls tóku 7 lið frá Íslandi þátt að þessu sinni en leikið var í 7 manna liðum. Að venju var kyndilhlaup lögreglumanna fyrir bæði mótin.

**KRR-mót og Faxaflóamót**
KSÍ annast skipulagningu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. KRR tók upp sama fyrirkomulag og er í Faxaflóamótinu í 4. fl drengja og stúlkna, þ.e að láta C og D-liðin í 4. flokki

leika í 8 manna liðum í stað þess að leika í 11 manna liðum. Við þessa breytingu varð lítilsháttar fjölgun leikja. Einnig varð fjölgun leikja bæði hjá drengjum og stúlkum í Grunnskólamóti KRR. Að öðru leyti var leikið með sama fyrirkomulagi í þessum mótum og árið 2016.

| **Heildarfjöldi leikja** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 913 | 792 | 809 | 795 | 903 | 772 | 1215 | 1387 | 1.673 | 1.907 |
| Faxaflóamót | 1250 | 1196 | 873 | 844 | 1316 | 1053 | 1378 | 1231 | 1.294 | 931 |

**Lokaorð**

Skipulag móta og utanumhald þeirra mun ávallt vera hornsteinn Knattspyrnusambands Íslands. Fjöldi skipulagðra leikja á vegum KSÍ hafa aldrei verið fleiri en 2017 og fjölgaði frá fyrra ári um 314. Sýnir skýrslan vonandi umfang mótahalds ár hvert. Fyrir leiktíðina 2017 í Pepsi-deild karla var ákveðið að draga í töfluröð líkt og áður en þó í fyrsta sinn samkvæmt forskrift félaganna. Reyndist það á margan hátt ágætlega og gott að draga lærdóm af.

Á haustmánuðum 2017 lagði mótanefnd það til við stjórn KSÍ sem og félögin að draga ekki opinberlega í töfluröð í mótum meistaraflokka fyrir árið 2018. Þess í stað kallaði nefndin eftir óskum félaganna. Í framhaldinu fengu félögin númer í töfluröðinni sem best samræmdust óskum þeirra.

Aðilar samþykktu þessa breyttu aðferðafræði og eftir að félögum hafði verið kynntir leikdagar hófst vinna mótastjóra, mótanefndar og fulltrúa félaganna að raða mótunum eftir þessari forskrift. Útkoman kom svo í ljós á milli hátíða. Ljóst er að hægt var að uppfylla mjög margar óskir en þó vissulega ekki allar. Það er von mín og trú að þetta verði félögunum, KSÍ og mótunum sjálfum til framdráttar og auki jafnframt aðsókn á leiki. Tel ég okkur vera á réttri braut en þurfum jafnframt að læra af þeim agnúum sem upp kunna að koma.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögunum samstarfið sem og samnefndarmönnum mínum, mótastjóra og öðrum starfsmönnum mótadeildar fyrir þeirra miklu og góðu störf árið 2017

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

## Þátttaka í mótum utanhúss 2017 - Fjöldi liða

| | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 81 | 76 | 79 | 79 | 74 | 77 | 75 | 75 | 69 | 69 | 68 | 67 | 63 | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 | 59 |
| U23 karla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 9 | 15 | 13 | 16 | 16 | 16 | 12 | 12 | 14 | 9 | 9 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 6 | 6 | 5 | 4 | 5 | 7 | 10 | 11 | 12 | 10 | 9 | 10 | 10 | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 | 18 | 17 | 19 |
| Eldri flokkur karla 40+ | 8 | 8 | 9 | 10 | 9 | 11 | 13 | 14 | 14 | 14 | 13 | 15 | 15 | 14 | 10 | 11 | | | | | |
| Eldri flokkur karla 50+ | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | | | | | | | | | | | | | | |
| 1. flokkur karla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 19 | 14 | 16 | 16 | 18 | 18 |
| 2. flokkur karla | 27 | 27 | 27 | 28 | 28 | 30 | 32 | 29 | 27 | 29 | 30 | 29 | 30 | 29 | 31 | 26 | 30 | 29 | 28 | 26 | 27 |
| 2. flokkur karla B lið | 18 | 17 | 16 | 17 | 13 | 9 | 8 | 7 | 6 | 6 | 5 | 6 | 5 | 3 | | | | | | | |
| 3. flokkur karla | 29 | 29 | 29 | 29 | 29 | 31 | 29 | 35 | 36 | 32 | 36 | 36 | 35 | 40 | 37 | 34 | 33 | 28 | 32 | 31 | 32 |
| 3. flokkur karla B lið | 20 | 21 | 21 | 24 | 19 | 20 | 22 | 17 | 16 | 23 | 16 | 16 | 15 | 13 | 10 | 9 | 5 | | | | |
| 3. flokkur karla C lið | 9 | 11 | 15 | 9 | 8 | 6 | 0 | 4 | 6 | | | | | | | | | | | | |
| 3. flokkur karla 7 manna | 3 | 0 | 0 | 2 | 9 | 5 | 9 | 6 | 3 | 3 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 19 | 19 | 23 | 26 | 21 |
| 4. flokkur karla A lið | 35 | 35 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 36 | 36 | 37 | 42 | 40 | 43 | 43 | 38 | 38 | 33 | 28 | 29 | 27 | 29 |
| 4. flokkur karla B lið | 30 | 26 | 23 | 22 | 24 | 26 | 26 | 24 | 21 | 25 | 21 | 24 | 27 | 24 | 20 | 14 | 15 | 15 | 11 | 8 | 12 |
| 4. flokkur karla C lið | 25 | 22 | 16 | 19 | 21 | 17 | 15 | 12 | 12 | 9 | 11 | 11 | 0 | 6 | 5 | 6 | 6 | | | | |
| 4. flokkur karla 7 manna | 7 | 7 | 2 | 8 | 11 | 8 | 9 | 17 | 15 | 6 | 3 | 15 | 16 | 15 | 14 | 16 | 23 | 29 | 30 | 29 | 31 |
| 5. flokkur karla A lið | 45 | 46 | 45 | 43 | 47 | 45 | 49 | 52 | 50 | 48 | 43 | 49 | 53 | 52 | 58 | 54 | 47 | 46 | 50 | 47 | 44 |
| 5. flokkur karla B lið | 48 | 46 | 46 | 44 | 39 | 41 | 44 | 43 | 38 | 40 | 42 | 45 | 46 | 45 | 46 | 44 | 39 | 41 | 40 | 36 | 37 |
| 5. flokkur karla C lið | 40 | 41 | 43 | 31 | 34 | 39 | 42 | 43 | 33 | 30 | 33 | 28 | 28 | 27 | 23 | 27 | 26 | 25 | 27 | 22 | 19 |
| 5. flokkur karla D lið | 46 | 48 | 38 | 31 | 33 | 31 | 38 | 38 | 28 | 26 | 30 | 23 | 25 | 27 | 19 | 19 | 15 | | | | |
| 6. flokkur karla A lið | 37 | 32 | 42 | 55 | 53 | 42 | 48 | 39 | 51 | 45 | 41 | 40 | 51 | 43 | 46 | 46 | 46 | 45 | 45 | 42 | 44 |
| 6. flokkur karla B lið | 43 | 37 | 45 | 57 | 58 | 45 | 48 | 39 | 42 | 32 | 35 | 38 | 39 | 39 | 35 | 44 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 |
| 6. flokkur karla C lið | 42 | 34 | 46 | 62 | 65 | 33 | 39 | 36 | 25 | 42 | 26 | 24 | 25 | 33 | 25 | 26 | 26 | | | | |
| 6. flokkur karla D lið | 33 | 31 | 34 | 46 | 55 | 34 | 31 | 37 | 25 | 22 | 18 | 22 | 22 | 24 | 25 | 20 | 13 | | | | |
| **Alls karla** | **638** | **606** | **620** | **658** | **674** | **598** | **628** | **614** | **565** | **557** | **537** | **560** | **564** | **575** | **554** | **550** | **508** | **437** | **454** | **432** | **437** |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Meistaraflokkur kvenna | 29 | 32 | 30 | 28 | 27 | 27 | 24 | 26 | 22 | 22 | 24 | 22 | 20 | 21 | 23 | 20 | 17 | 19 | 22 | 21 | 22 |
| 2. flokkur kvenna | 14 | 14 | 12 | 14 | 15 | 16 | 17 | 14 | 13 | 14 | 12 | 10 | 11 | 15 | 14 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| 2. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 5 | 10 | 6 | 8 | 6 | | | | |
| 3. flokkur kvenna | 22 | 20 | 21 | 21 | 20 | 27 | 27 | 27 | 24 | 19 | 16 | 20 | 22 | 23 | 21 | 17 | 16 | 14 | 14 | 9 | 13 |
| 3. flokkur kvenna B lið | 8 | 6 | 9 | 8 | 5 | 0 | 0 | 0 | 6 | 4 | | | | | | | | | | | |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 0 | 0 | 2 | 5 | 9 | 10 | 10 | 10 | 11 | 13 | 14 | 13 | 18 | 17 | 16 | 16 | 19 | 20 | 20 | 20 |
| 4. flokkur kvenna A lið | 27 | 26 | 26 | 28 | 28 | 27 | 26 | 31 | 28 | 28 | 22 | 22 | 22 | 34 | 33 | 33 | 32 | 30 | 27 | 28 | 29 |
| 4. flokkur kvenna B lið | 19 | 17 | 12 | 15 | 16 | 12 | 10 | 10 | 8 | 8 | 13 | 9 | 6 | 25 | 19 | 20 | 18 | 15 | 16 | 15 | 15 |
| 4. flokkur kvenna C lið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 6 | 3 | 5 | | | | |
| 4. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 4 | 6 | 2 | 10 | 13 | 8 | 12 | 6 | 13 | 17 | 18 | 20 | | | | | | | | |
| 5. flokkur kvenna A lið | 32 | 32 | 31 | 31 | 33 | 33 | 35 | 37 | 37 | 35 | 34 | 32 | 41 | 35 | 27 | 24 | 27 | 29 | 22 | 17 | 20 |
| 5. flokkur kvenna B lið | 32 | 30 | 29 | 26 | 31 | 35 | 33 | 28 | 28 | 28 | 26 | 23 | 30 | 32 | 17 | 17 | 22 | 16 | 17 | 11 | 13 |
| 5. flokkur kvenna C lið | 18 | 14 | 16 | 14 | 13 | 14 | 13 | 12 | 11 | 9 | 10 | 18 | 15 | | | | 5 | | | | |
| 5. flokkur kvenna D lið | 9 | 9 | 11 | 8 | 8 | 9 | 12 | 8 | | | | | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna A lið | 26 | 26 | 31 | 35 | 37 | 31 | 30 | 31 | 35 | 25 | 31 | 32 | 33 | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna B lið | 24 | 25 | 28 | 37 | 34 | 28 | 24 | 29 | 21 | 23 | 12 | 25 | 26 | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna C lið | 21 | 22 | 24 | 23 | 28 | 14 | 12 | 18 | 19 | 8 | 9 | 7 | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna D lið | 16 | 16 | 17 | 15 | 12 | 8 | 7 | 5 | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls kvenna** | **297** | **293** | **303** | **307** | **322** | **306** | **291** | **301** | **271** | **250** | **242** | **256** | **264** | **224** | **183** | **171** | **177** | **155** | **151** | **134** | **145** |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls þátttaka** | **935** | **899** | **923** | **965** | **996** | **904** | **919** | **915** | **836** | **807** | **779** | **816** | **828** | **799** | **737** | **721** | **685** | **592** | **605** | **566** | **582** |

# Sigurvegarar í mótum utanhúss 2017

## Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Pepsi-deild karla** | Valur | **Pepsi-deild kvenna** | Þór/KA |
| **1. deild karla** | Fylkir | **1. deild kvenna** | HK/Víkingur |
| **2. deild karla** | Njarðvík | **2. deild kvenna** | Afturelding/Fram |
| **3. deild karla** | Kári | | |
| **4. deild karla** | KH | | |
| **Eldri flokkur karla 30+** | FH | | |
| **Eldri flokkur karla 40+** | Stál úlfur | | |
| **Eldri flokkur karla 50+** | Keflavík | | |
| **2. flokkur karla** | KR | **2. flokkur kvenna** | Þór/KA/Hamrarnir |
| **2. flokkur karla B-lið** | KR | | |
| **3. flokkur karla** | Fjölnir | **3. flokkur kvenna** | Víkingur R |
| **3. flokkur karla B-lið** | KA | **3. flokkur kvenna B-lið** | HK |
| **3. flokkur karla C-lið** | Afturelding | | |
| **4. flokkur karla** | Breiðablik | **4. flokkur kvenna** | Víkingur R |
| **4. flokkur karla B-lið** | Stjarnan | **4. flokkur kvenna B-lið** | Víkingur R |
| **4. flokkur karla C-lið** | Stjarnan | | |
| **4. flokkur karla 7 manna** | Sindri | | |
| **5. flokkur karla A-lið** | Breiðablik | **5. flokkur kvenna A-lið** | Breiðablik |
| **5. flokkur karla B-lið** | Fylkir | **5. flokkur kvenna B-lið** | Stjarnan |
| **5. flokkur karla C-lið** | ÍR | **5. flokkur kvenna C-lið** | Valur |
| **5. flokkur karla D-lið** | Breiðablik | **5. flokkur kvenna D-lið** | Breiðablik |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið SV** | Keflavík | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið SV** | Víkingur R |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið SV** | Keflavík | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið SV** | HK |
| **6. flokkur karla - Pollamót C-lið SV** | Þróttur R. | **6. flokkur kvenna - Hnátumót C-lið SV** | Stjarnan |
| **6. flokkur karla - Pollamót D-lið SV** | KR 2 | **6. flokkur kvenna - Hnátumót D-lið SV** | Stjarnan |
| **6. flokkur karla - Pollamót A-lið NL/AL** | KA | **6. flokkur kvenna - Hnátumót A-lið NL/AL** | KA |
| **6. flokkur karla - Pollamót B-lið NL/AL** | Þór 2 | **6. flokkur kvenna - Hnátumót B-lið NL/AL** | KA |
| **6. flokkur karla - Pollamót C-lið NL/AL** | KA 3 | | |

### Bikarkeppni

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Borgunarbikar karla** | ÍBV | **Borgunarbikar kvenna** | ÍBV |
| **2. flokkur karla** | Fylkir | **2. flokkur kvenna** | Þór/KA/Hamrarnir |
| **3. flokkur karla SV** | Fjölnir | **3. flokkur kvenna SV** | Víkingur R |
| **3. flokkur karla AL/NL** | KA | **3. flokkur kvenna AL/NL** | Þór |

### Deildarbikarkeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lengjubikar karla - A deild** | KR | **Lengjubikar kvenna - A deild** | Valur |
| **Lengjubikar karla - B deild** | Víðir | **Lengjubikar kvenna - B deild** | Fylkir |
| **Lengjubikar karla - C deild** | Álftanes | **Lengjubikar kvenna - C deild** | HK/Víkingur |

### Meistarakeppni KSÍ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Valur | **Meistaraflokkur kvenna** | Breiðablik |

**Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild karla 2017**

| | Breiðablik | FH | Fjölnir | Grindavík | ÍA | ÍBV | KA | KR | Stjarnan | Valur | Víkingur Ó. | Víkingur R. | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | | 1221 | 958 | 1235 | 702 | 920 | 1141 | 552 | 1392 | 1925 | 1014 | 827 | **11.887** | **1081** | **2** |
| **FH** | 679 | | 1024 | 957 | 669 | 418 | 1637 | 1030 | 2036 | 1127 | 647 | 1437 | **11.661** | **1060** | **4** |
| **Fjölnir** | 984 | 402 | | 854 | 692 | 561 | 482 | 574 | 1077 | 602 | 514 | 720 | **7.462** | **678** | **9** |
| **Grindavík** | 325 | 499 | 512 | | 644 | 499 | 730 | 573 | 763 | 699 | 623 | 664 | **6.531** | **594** | **11** |
| **ÍA** | 991 | 783 | 750 | 538 | | 531 | 657 | 671 | 527 | 887 | 561 | 1006 | **7.902** | **718** | **8** |
| **ÍBV** | 804 | 717 | 622 | 488 | 625 | | 777 | 742 | 709 | 300 | 679 | 575 | **7.038** | **640** | **10** |
| **KA** | 974 | 824 | 1044 | 648 | 810 | 728 | | 767 | 915 | 620 | 690 | 640 | **8.660** | **787** | **7** |
| **KR** | 1287 | 1796 | 952 | 1398 | 1209 | 630 | 519 | | 488 | 1648 | 1002 | 1430 | **12.359** | **1124** | **1** |
| **Stjarnan** | 1163 | 1490 | 706 | 706 | 684 | 1106 | 1356 | 1150 | | 833 | 561 | 730 | **10.485** | **953** | **5** |
| **Valur** | 932 | 1407 | 1123 | 850 | 984 | 873 | 894 | 1443 | 1167 | | 1079 | 1089 | **11.841** | **1076** | **3** |
| **Víkingur Ó** | 475 | 355 | 410 | 390 | 525 | 480 | 450 | 545 | 465 | 485 | | 310 | **4.890** | **445** | **12** |
| **Víkingur R.** | 1425 | 723 | 1035 | 965 | 525 | 430 | 980 | 1033 | 915 | 1088 | 840 | | **9.959** | **905** | **6** |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Alls úti** | **10.039** | **10.217** | **9.136** | **9.029** | **8.069** | **7.176** | **9.623** | **9.080** | **10.454** | **10.214** | **8.210** | **9.428** | *110.675* | *838* | |
| **Meðaltal** | **913** | **929** | **831** | **821** | **734** | **652** | **875** | **825** | **950** | **929** | **746** | **857** | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Röð** | **4** | **2-3** | **7** | **9** | **11** | **12** | **5** | **8** | **1** | **2-3** | **10** | **6** | | | |

| | **Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi-deild karla 2017** | | |
|---|---|---|---|
| | **Dagur og dagsetningar** | **Fjöldi áhorfenda** | **Meðaltal** |
| 1 umferð | Sunnudagur 30. apríl - Mánudagur 1. maí | 5818 | 970 |
| 2 umferð | Sunnudagur 7. maí - Mánudagur 8. maí | 6124 | 1021 |
| 3 umferð | Sunnudagur 14. maí - Mánudagur 15. maí | 6250 | 1042 |
| 4 umferð | Sunnudagur 21. maí - Mánudagur 22. maí | 6266 | 1044 |
| 5 umferð | Laugardagur 27. maí - Sunnudagur 28. maí | 5851 | 975 |
| 6 umferð | Sunnudagur 4. júní - Mánudagur 5. júní | 6783 | 1131 |
| 7 umferð | Miðvikudagur 14. júní - Fimmudagur 15.júní | 5220 | 870 |
| 8 umferð | Sunnudagur 18. júní - Mánudagur 19. júní | 5332 | 889 |
| 9 umferð | Laugardagur 24. júní - Mánudagur 26. júní | 4845 | 808 |
| 10 umferð | Föstud. 7. júlí/Sunnud. 9. júlí/Mánud. 10. júl/Fimmtud. 27. júlí | 5306 | 884 |
| 11 umferð | Mánud. 3. júlí/Sunnudagur 16. júlí - Mánudagur 17. júlí | 5566 | 928 |
| 12 umferð | Laugardagur 22. júlí - Sunnudagur 23. júlí / Þriðjudagur 25. júlí | 4428 | 738 |
| 13 umferð | Sunnudagur 30. júlí - Mánudagur 31. júlí / Laugard 5. ágúst | 5141 | 857 |
| 14 umferð | Þriðjudagur 8. ágúst - Miðvikudagur 9, ágúst | 4263 | 711 |
| 15 umferð | Mánud. 14. ágúst / Miðvikud. 16. ágúst / Fimmtud. 21. sept | 5115 | 853 |
| 16 umferð | Sunnud. 20. ágúst - Mánud. 21. ágúst / Fimmtud. 31. ágúst | 4572 | 762 |
| 17 umferð | Sunnudagur 27. ágúst | 4475 | 746 |
| 18 umferð | Laugardagur 9. sept - Sunnudagur 10. sept | 4501 | 750 |
| 19 umferð | Fimmtudagur 14. september | 3636 | 606 |
| 20 umferð | Sunnudagur 17. sept - Mánudagur 18. sept | 3222 | 537 |
| 21 umferð | Sunnudagur 24. september | 3855 | 643 |
| 22 umferð | Laugardagur 30. september | 4106 | 684 |
| | | | |
| Samtals | | 110675 | 838 |

**Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild kvenna 2017**

| | Breiðablik | FH | Fylkir | Grindavík | Haukar | ÍBV | KR | Stjarnan | Þór/KA | Valur | | Alls heima | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | | 387 | 317 | 402 | 223 | 252 | 257 | 315 | 537 | 334 | | **3024** | **336** |
| **FH** | 263 | | 163 | 163 | 163 | 163 | 163 | 188 | 163 | 136 | | **1565** | **174** |
| **Fylkir** | 177 | 151 | | 120 | 96 | 185 | 311 | 74 | 200 | 233 | | **1547** | **172** |
| **Grindavík** | 85 | 120 | 250 | | 253 | 87 | 92 | 127 | 80 | 74 | | **1168** | **130** |
| **Haukar** | 87 | 196 | 73 | 110 | | 65 | 78 | 180 | 101 | 113 | | **1003** | **111** |
| **ÍBV** | 188 | 120 | 112 | 131 | 117 | | 119 | 163 | 116 | 252 | | **1318** | **146** |
| **KR** | 142 | 88 | 89 | 102 | 63 | **98** | | 127 | 150 | 113 | | **972** | **108** |
| **Stjarnan** | 103 | 167 | 145 | 135 | 124 | 120 | 192 | | 208 | 235 | | **1429** | **159** |
| **Þór/KA** | 373 | 1565 | 318 | 364 | 459 | 454 | 544 | 720 | | 323 | | **5120** | **569** |
| **Valur** | 266 | 123 | 103 | 307 | 94 | 285 | 103 | 218 | 211 | | | **1710** | **190** |
| | | | | | | | | | | | | *18856* | *210* |
| **Alls úti** | **1684** | **2917** | **1570** | **1834** | **1592** | **1709** | **1859** | **2112** | **1766** | **1813** | *1886* | | |
| **Meðaltal** | **187** | **324** | **174** | **204** | **177** | **190** | **207** | **235** | **196** | **201** | *210* | | |

## Þátttaka í mótum innanhúss 2010 - 2017 - Fjöldi liða

| | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | **16** | **15** | **18** | **19** | **12** | **12** | **17** | **13** |
| 2. flokkur karla | | | | 7 | 8 | 9 | 11 | 9 |
| 3. flokkur karla | | | | 10 | 14 | 15 | 10 | 16 |
| 4. flokkur karla | | | | 6 | 13 | 16 | 13 | 19 |
| 5. flokkur karla | | | | 12 | 15 | 20 | 16 | 19 |
| **Alls karla** | | | | **54** | **62** | **72** | **67** | **76** |
| | | | | | | | | |
| **Meistaraflokkur kvenna** | **6** | **3** | **8** | **8** | **8** | **6** | **6** | **4** |
| 2. flokkur kvenna | | | | 6 | 8 | 15 | 10 | 8 |
| 3. flokkur kvenna | | | | 14 | 10 | 13 | 14 | 19 |
| 4. flokkur kvenna | | | | 13 | 12 | 14 | 12 | 16 |
| 5. flokkur kvenna | | | | 4 | 12 | 13 | 11 | 14 |
| **Alls kvenna** | | | | **45** | **50** | **61** | **53** | **61** |
| | | | | | | | | |
| **Alls þátttaka** | **22** | **18** | **26** | **99** | **112** | **133** | **120** | **137** |

## Sigurvegarar í Futsal-innanhússmótum 2017

### Íslandsmót

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Selfoss | **Meistaraflokkur kvenna** | Álftanes |

# Skýrsla dómaranefndar

Breytingar urðu á skipan dómaranefndar 2017. Magnús Þórisson hætti í nefndinni og er honum þakkað fyrir hans framlag þau 2 ár sem hann starfaði í nefndinni. Borghildur Sigurðardóttir kom ný inn í nefndina í byrjun starfsárs. Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Kristinn Jakobsson, formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Bragi V. Bergmann, Einar Sigurðsson, Gísli Björgvinsson, Gísli Gíslason, Jón Sigurjónsson og Viðar Helgason.
Magnús Jónsson, dómarastjóri, og Pjetur Sigurðsson, nýr starfsmaður dómaranefndar, önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Nýir og hættir landsdómarar**
Nýir landsdómarar árið 2017 voru: Ásgeir Þór Ásgeirsson og Bjarni Hrannar Héðinsson en þeir komu aftur inn í landsdómarahópinn eftir hlé. Einnig bættust í hópinn þeir Breki Sigurðsson, Guðgeir Einarsson og Kristján Már Ólafs. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum eftir tímabilið 2016: Gunnar Sverrir Gunnarsson, Hjalti Þór Halldórsson, Jóhann Óskar Þórólfsson, Valdimar Pálsson, Valgeir Valgeirsson, Vilhelm Adolfsson, Þórður Már Gylfason og Örvar Sær Gíslason. Er þeim þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina.

**Störf landsdómara**
Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhússmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

| **Innlend störf landsd.** | **Dómari** | **Aðstoðardómari** | **Varadómari** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2017 | 945 | 887 | 204 | 2.036 |
| 2016 | 942 | 761 | 195 | 1.898 |
| 2015 | 912 | 825 | 64 | 1.801 |
| 2014 | 936 | 877 | 48 | 1.861 |
| 2013 | 985 | 874 | 52 | 1.911 |
| 2012 | 943 | 834 | 48 | 1.825 |
| 2011 | 1.065 | 706 | 40 | 1.811 |
| 2010 | 881 | 931 | 44 | 1.856 |
| 2009 | 906 | 898 | 51 | 1.855 |
| 2008 | 703 | 694 | 68 | 1.465 |
| 2007 | 676 | 527 | 39 | 1.252 |
| 2006 | 680 | 537 | 42 | 1.259 |
| 2005 | 687 | 606 | 36 | 1.329 |

**Aðrir KSÍ-dómarar**
Um 150 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, 1. og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Pepsi-deild kvenna og í 1. og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

| **Innlend störf KSÍ dómara** | **Störf sem dómari** | **Störf sem aðstoðardómari** | ***Verkefni samtals*** |
|---|---|---|---|
| 2017 | 614 | 1.933 | 2.609 |
| 2016 | 617 | 1.908 | 2.525 |
| 2015 | 663 | 1.895 | 2.558 |
| 2014 | 594 | 2.010 | 2.604 |
| 2013 | 773 | 1.747 | 2.520 |
| 2012 | 229 | 1.510 | 1.739 |
| 2011 | 324 | 1.279 | 1.603 |
| 2010 | 382 | 1.357 | 1.739 |
| 2009 | 248 | 1.199 | 1.447 |
| 2008 | 443 | 793 | 1.236 |
| 2007 | 321 | 887 | 1.208 |
| 2006 | 283 | 745 | 1.028 |
| 2005 | 270 | 742 | 1.012 |

Þess ber að geta að D dómarar sinna einnig fjölda leikja í 2. flokki karla ásamt því að dæma í yngri flokkum eigin félaga, svo og í æfingaleikjum og leikjum í innanhúsmótum.

**Futsal**

| **Innlend störf KSÍ Futsal dómara** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Störf sem dómari | 140 | 106 | 174 | 180 | 176 | 84 | 84 | 116 | 50 | 112 |

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

| **Fjöldi dómarastarfa sem KSÍ raðar dómurum á** | **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4.785 | 4.423 | 4.735 | 4.465 | 4.431 | 3.830 | 3.606 | 3.595 | 3.248 | 2.259 |

**Niðurröðun.**
Eins og sést á töflunni hér að ofan hefur orðið mikil aukning á þeim störfum þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara. Frá árinu 2006 til 2017 er aukningin rúmlega 100%. Á stórum helgum er skrifstofa KSÍ oft ábyrg fyrir mönnun á um 150 störfum. Á Suðvesturhorninu gengur mönnunin tiltölulega vel en á Norður og Austurlandi er úrbóta þörf. Án aðkomu félaganna mun ástandið haldast óbreytt.
Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2016 að raðað var niður á leiki viku fyrir viku í stað 6 vikna áður. Með þessari breytingu er auðveldara fyrir niðurröðunarnefnd að hafa frammistöðuna til grundvallar þegar raðað er niður á leiki. Í heildina hefur þetta fyrirkomulag gengið vel og ljóst að með því er KSÍ að vinna eftir sömu aðferðarfræði og notuð er víðast hvar annarsstaðar í Evrópu.

**Milliríkjadómarar og erlend verkefni**
Tvær breytingar voru á milliríkjadómarahópnum frá 2016. Aðstoðardómararnir Andri Vigfússon og Oddur Helgi Guðmundsson komu nýir inn á FIFA listann í staðinn fyrir Björn Valdimarsson og Gunnar Sverri Gunnarsson. Íslenskir dómarar á milliríkjadómaralista FIFA voru þessir árið 2017:

| | | |
|---|---|---|
| FIFA-dómarar: | Gunnar Jarl Jónsson | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson |
| | Þorvaldur Árnason | Þóroddur Hjaltalín |
| FIFA-aðstoðardómarar: | Andri Vigfússon | Birkir Sigurðarson |
| | Bryngeir Valdimarsson | Frosti Viðar Gunnarsson |
| | Gylfi Már Sigurðsson | Jóhann Gunnar Guðmundsson |
| | Oddur Helgi Guðmundsson | Rúna Kristín Stefánsdóttir |
| FIFA-Futsal-dómari: | Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson | |

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2017 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Erlend verkefni**
Íslenskir dómarar störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2017. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda starfa íslenskra dómara á erlendri grundu frá árinu 2003.

| **2017** | **2016** | **2015** | **2014** | **2013** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** | **2007** | **2006** | **2005** | **2004** | **2003** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 37 | 41 | 44 | 51 | 51 | 38 | 30 | 35 | 29 | 27 | 31 | 29 | 26 | 33 | 23 |

**Þóroddur í lokakeppni Regions Cup.**
Þóroddur Hjaltalín var dómari í lokakeppnu Regions Cup sem fór fram í Tyrklandi í júlí. Um er að ræða keppni áhugamannaliða á vegum UEFA. Þóroddur dæmdi 2 leiki á mótinu auk þess að vera 4. dómari í einum leik.

**Dómarar í Saudi-Arabíu.**
Mark Clattenburg fyrrverandi dómari í Premier deildinni í Englandi tók á þessu ári við stöðu dómarasjóra í Saudi-Arabíu. Hann bauð KSÍ að senda dómara til að dæma í efstu deild þar í landi. Dómarinn Þorvaldur Árnason og aðstoðardómararnir Jóhann Gunnar Guðmundsson og Gylfi Már Sigurðsson voru fulltrúar Íslands í þessu skemmtilega verkefni og dæmdu leik á milli Al Batin og Al Taawon.

**Norræn dómaraskipti**

Norræn dómaraskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Fulltrúar Íslands árið 2017 voru Ívar Orri Kristjánsson, dómari, og Bjarki Óskarsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik Fremad A og Viborg í Danmörku og Jóhann Ingi Jónsson, dómari, og Smári Stefánsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik 07 Vestur og EB/Streymur FC í Færeyjum. Til Íslands komu Rúni Gaardbo, dómari, og Jan Andersen, aðstoðardómari, frá Færeyjum sem dæmdu leik Keflavíkur og H.K. og Jonas Hansen, dómari, og Danny Kolding, aðstoðardómari, frá Danmörku sem dæmdu leik Þróttar R og ÍR.
Norðurlandamót U17 karla var haldið á íslandi að þessu sinni og voru þeir Sigurður Hjörtur Þrastarson dómari og Egill Guðvarður Guðlaugsson aðstoðardómari fulltrúar Íslands á mótinu og dæmdu þeir meðal annara leikja úrslitaleik mótsins. 3 erlendir eftirlitsdómarar störfuðu á mótinu auk heimamannanna Einars Arnars Daníelssonar, Kristins Jakobssonar, Pjeturs Sigurðssonar og Viðars Helgasonar.

**Dómaraskipti við England, Færeyjar og Wales**

Ívar Orri Kristjánsson og Jóhann Ingi Jónsson voru fulltrúar Íslands í dómaraskiptunum við England. Þeir fylgdu eftir dómara sem dæmdi leik í ensku úrvalsdeildinni og fylgdust með undirbúningsfundum ensku úrvalsdeildardómaranna fyrir eina leikhelgina. Ívar dæmdi leiki U18 ára liða Oxford og Dagenham og U23 ára leik Bristol Rovers og AFC Bournemount. Jóhann dæmdi leik U18 ára liða Wrexham og Walsall og U23 ára liða Cheltenham og Wimbleton.
Peter Wright og Martin Coy komu frá Englandi. Peter dæmdi leik Hauka og Fram og var 4. dómari í leik Selfoss og Þórs. Einnig var var hann aðstoðardómari í leik Víkings R og KR. Martin dæmdi leik Selfoss og Þórs og var 4. dómari í leikjum Víkings R og KR sem og leik Hauka og Fram. Dómaraskipti við Wales voru á döfinni fjórða árið í röð. Helgi Mikael Jónasson dæmdi leik Cefn Druids og Newtown AFC í efstu deildinni í Wales. Gylfi Tryggvason var aðstoðardómari í leiknum. Walesverjinn Nick Pratt dæmdi síðan leik ÍA og KR í Pepsi-deild karla. Honum til aðstoðar var Ashley David. Dómaraskipti við Færeyjar fóru fram þriðja árið í röð. Sigurður Óli Þorleifsson dæmdi leik HB og EB/Streymur í efstu deild. Fulltrúi Færeyja var Ransin N. Djurhuus sem dæmdi leik ÍBV og Breiðabliks í efstu deild karla.
Vel tókst til í þessum dómaraskiptum og engin spurning að þessi reynsla er gott innlegg í reynslubanka þeirra dómara sem tóku þátt í verkefnunum.

**Þrekæfingar dómara**

Fannar Karvel Steinþórsson sem getið hefur sér gott orð sem þrekþjálfari hjá mörgum afrekshópum, sá um þrekþjálfun dómara í ár . Boðið er upp á tvær sameiginlegar æfingar í viku. Önnur í Frjálsíþróttahöllinni og hin líkamsræktarstöðinni Spörtu. Allir landsdómararnir eru með kort í líkamsræktarstöð. Eins og undanfarin ár eru landsdómarnir með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt. Púlsklukkurnar voru endurnýjaðar í nóvember. Í apríl og júlí þurfti landsdómarahópurinn að standast þrekpróf til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist. UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukkum og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.
Sigurrós Eir Guðmundsdóttir(SEG) og Knd. Þróttar deildu um hvort Þrótti bæri að greiða SEG kr. 1.481.147,- vegna ákvæðis í sambandssamningi aðila um greiðslu slysadagpeninga. Ágreiningur þessa máls snýr að orðalagi ákvæðis um slysadagpeninga í sambandssamningi á milli Þróttar og SEG með gildistíma frá. Það var mat nefndarinnar að í tilvísuðu ákvæði hafi sú augljósa misritun verið gerð að greiða skuli dagpeninga að fjárhæð kr. 20.261.- á dag. Alkunna væri að dagpeningar slysatrygginga miða við greiðslu vátryggingarfjárhæða dagpeninga á vikugrundvelli, það væri undantekningalaust reglan um dagpeningagreiðslur slíkra slysatrygginga. Til álita var hvor aðila málsins skyldi bera hallann af því að slík augljós villa átti sér stað við innslátt í sambandssamning aðila. Litið var til þess að Þróttur hefur haldið úti knattspyrnudeildum í meistaraflokkum í efri deildum kvenna og karla um áratuga skeið með viðeigandi með viðeigandi reynslu í samningagerð við leikmenn. Ber félaginu ákveðin skylda að tryggja ákveðinn skýrleika samninga við leikmenn félagsins, en óumdeilt er að ákvæðið kom inn í sambandssamning aðila fyrir tilstuðlan Þróttar. Nefndin telur jafnframt rétt að hafa það í huga við matið að knattspyrnudeildir íþróttafélaga hér á landi eru ekki reknar í hagnaðarskyni og starfsmenn knattspyrnudeilda félaga eins og Þróttar hafa almennt ekki sérfræðiþekkingu í slíkri samningsgerð. Þegar á allt væri litið; þótti nefndinni rétt að líta til ákvæðis 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 við afgreiðslu málsins. Þegar það var gert þótti nefndinni rétt að víkja tilvísuðu ákvæði, f-liðar 2. gr. í sambandssamningi aðila, til hliðar og breyta því með hliðsjón af sanngirni sem reist eru á framangreindum sjónarmiðum. Var það mat nefndarinnar að rétt sé að líta til þess að þó svo Þróttur beri ábyrgð á að orðalag ákvæðisins hafi ekki verið í samræmi við það sem ætlast var til eða ónákvæmt, þá mátti SEG gera sér grein fyrir, eða a.m.k. auðveldlega afla sér upplýsinga um, að greiðsla dagpeninga væri á vikugrundvelli. Það er mat nefndarinnar að um augljós mistök af hálfu Þróttar sé að ræða, en að sanngirnisrök hnígi að því engu að síður að hvorki geti SEG byggt rétt á tilvísun til samningsins eftir efni sínu né að Þróttur sé að öllu leyti ábyrgðarlaust af mistökunum. Að teknu tilliti til ofangreinds var það niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að breyta samningi aðila á þann veg að Þróttur greiði SEG fjórðung af umkrafðri fjárhæð [kr. 370.287,-] með vöxtum.

***Snorri Páll Blöndal gegn Knattspyrnudeild Stjörnunnar***
Óleyst mál sem stendur.

**Rafræn varsla á samningum leikmanna**
Ákveðið var að frá og með 1. janúar 2017 myndi KSÍ varðveita alla samninga leikmanna (leikmanns- og sambandssamninga) á rafrænu formi. Meirihluti leikmanns- og sambandssamninga skiluðu sér þá þegar til KSÍ með rafrænum hætti (með tölvupósti) og því gátu flest félög haldið áfram að skila samningum inn til KSÍ með sama hætti. Í samræmi við grein 22 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga ber skrifstofu KSÍ um að sjá um skráningu á undirrituðum leikmannssamningum og sambandssamningum í sérstaka leikmannaskrá. Er framkvæmdastjóri KSÍ ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ. KSÍ hefur undanfarna áratugi varðveitt útprentað eintak af hverjum og einum leikmanns- eða sambandssamning sem skilað er til KSÍ í læstum skjalageymslum.

**Milliliðir/Umboðsmenn í knattspyrnu**
Á árinu 2017 voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um milliliði og heitir hún nú reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu. Ásamt því að milliliðir tóku á ný upp heitið „umboðsmaður“ þá var árlegt skráningargjald umboðsmanna lækkað úr kr. 150.000,- í kr. 100.000. Eru breytingar þessar m.a. tilkomnar vegna fundar sem haldinn á milli KSÍ og umboðsmanna um mitt ár. Tilgangur fundarins var að vinna saman að því að bæta skráningu þeirra og umhverfi hjá KSÍ. Um áramót 2017-2018 voru þrír umboðsmenn skráðir hjá KSÍ. Það er þeir: Ólafur Garðarsson, Andreas Magaard Nielsen og Bjarki Gunnlaugsson.

**Fundir og ráðstefnur**
Birkir Sveinsson, Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson sóttu árlegan samráðsfundi norrænu knattspyrnusambandanna um móta- og félagaskiptamál. Fundurinn fór fram í Finnlandi í lok september. Árið 2018 verður fundurinn í Færeyjum.

**Félagaskipti**
Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta. Árið 2017 voru 2.558 félagaskipti afgreidd, samanborið við 2.739 árið 2016. Flest félagaskipti eru afgreidd í byrjun sumars (549 í maí) og í lok júlí (384), þegar félagaskiptagluggarnir loka. Þá er gríðarlegt álag á starfsmönnum sem annast félagaskipti. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti fjórar óskir um undanþágu vegna markvarða. Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

**Lokaorð**
Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

| | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 2739 | 2353 | 2.221 | 2.404 | 2.230 | 2.206 | 1.995 | 1.935 | 1.895 | 1.688 | 1.639 |

| | Jan | Feb | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágú | Sept | Okt | Nóv | Des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta 2016 Flokkað eftir mánuðum** | 196 | 191 | 398 | 321 | 683 | 81 | 357 | 42 | 21 | 199 | 145 | 105 |

**Lokaorð**
Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

*Jóhannes Ólafsson, formaður*

# Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2017-2018: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 4 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

**Þjálfaramenntun**

KSÍ býður upp á fjórar þjálfaragráður, Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, Afreksþjálfun Unglinga, KSÍ B og KSÍ A þjálfaragráður. Allar þessar þjálfargráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 461 þjálfari er með KSÍ B gráðuna (421 karl og 40 konur) og 230 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar (207 karlar og 23 konur). Auk þess hafa 17 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu. 9 konur útskrifuðust með KSÍ A gráðu um vorið, en þær fengu styrk frá UEFA til að sitja A-gráðu námskeið þar sem eingöngu kvenkyns þjálfurum var boðin þátttaka.

Þá var það endanlega samþykkt á fundi fræðslunefndar UEFA sumarið 2017 að markmannsþjálfaragráða KSÍ er viðurkennd sem UEFA A markmannsþjálfaragráða.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Vorið 2017 sátu 27 þjálfarar nýtt námskeið sem ber nafnið Afreksþjálfun Unglinga, eða UEFA Elite A Youth. Viðfangsefni námskeiðsins var hvernig best sé að þjálfa efnilega leikmenn á aldrinum 14-19 ára. Einn þjálfari frá hverju félagi í Pepsí deild og Inkasso deildinni sátu námskeiðið ásamt þjálfurum yngri landsliða Íslands. Á haustmánuðum 2017 útskrifaði KSÍ alls 13 þjálfara af þessari nýju þjálfaragráðu.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

**Námskeiðahald**

KSÍ hélt 28 fræðsluviðburði á árinu fyrir 788 þátttakendur. Aldrei áður hefur KSÍ haldið jafn mörg námskeið sem eru hluti af UEFA þjálfaragráðum eða 21 talsins. Og þátttaka á UEFA/KSÍ námskeiðum hefur sömuleiðis aldrei verið meiri en að þessu sinni sótti 501 þjálfari UEFA/KSÍ námskeið. En KSÍ býður, sem fyrr segir, upp á fjórar þjálfaragráður; KSÍ A þjálfaragráðu, KSÍ B þjálfaragráðu, KSÍ Markmannsþjálfaragráðu og KSÍ Afreksþjálfun unglinga.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar. Alls störfuðu 73 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Erlend samskipti**

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Dagbjartsson sóttu ráðstefnu fræðsludeilda UEFA í Norður Írlandi í október.
- Heimir Hallgrímsson og Freyr Alexandersson sóttu leikgreiningarráðstefnu á vegum þýska knattspyrnusambandsins í Frankfurt í lok nóvember. Heimir sótti aðra slíka ráðstefnu í Amsterdam í september.
- Freyr Alexandersson og Ásmundur Haraldsson sóttu ráðstefnu í Amsterdam í nóvember þar sem Evrópukeppni kvennalandsliða var gerð upp.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Norðmaðurinn Jan Erik Stinessen kom hingað á vegum UEFA í þeim tilgangi að taka út Markmannsþjálfargráðu KSÍ sem síðar leiddi til þess að sú þjálfaragráða hefur nú verið samþykkt sem UEFA A markmannsþjálfaragráða.

**Fræðsluverkefni UEFA - UEFA Study Group Scheme**

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2008 og þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfólk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

Í júní fékk fræðsludeild KSÍ fulltrúa frá Engandi, Belgíu, Tyrklandi og Möltu í heimsókn og kynnti fyrir þeim grasrótarknattspyrnu á Íslandi. Námskeiðið fékk frábæra endurgjöf en hápunkturinn var þegar hópurinn skellti sér til Vestmannaeyja á TM-mót 5. Flokks kvenna.

KSÍ sendi síðan 5 fulltrúa til Skotlands í október þar sem viðfangsefnið var Yngri landslið kvenna.

**Styrkir KSÍ til fræðslumála**

KSÍ veitti 11 fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Icelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Úlfar Hinriksson sótti leikgreiningarráðstefnu í Amsterdam.
- Hilmar Rafn Kristinsson heimsótti félög í Noregi og Svíþjóð vegna meistaraverkefnis í HÍ.
- Andri Þór Albertsson heimsótti Herenveen í Hollandi.
- Þórður Halldórsson heimsótti Herenveen í Hollandi.
- Ragnar Gíslason sótti þjálfararáðstefnu í Gautaborg.
- Heimir Guðjónsson sótti bikarúrslitaráðstefnu í Osló.
- Ásmundur Haraldsson sótti bikarúrslitaráðstefnu í Osló
- Gunnlaugur Jónsson sótti bikarúrslitaráðstefnu í Osló
- Gunnar Borgþórsson sótti bikarúrslitaráðstefnu í Osló
- Íris Ósk Eysteinsdóttir sótti bikarúrslitaráðstefnu í Osló

**Þjálfaraskóli KSÍ**

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.
29 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 26 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 55 þjálfarar Þjálfaraskóla KSÍ árið 2017.

**Lokaorð**

Það hefur verið metnaðarmál félaganna að ráða til sín menntaða þjálfara og senda þá á námskeið og stendur íslensk knattspyrna vel að vígi þegar kemur að menntunarstigi þjálfara, svo vel að það hefur vakið athygli langt út fyrir landssteinana. Á undanförnum árum hefur KSÍ lagt áherslu á þjálfun markmannsþjálfara og hefur KSÍ nú fengið námskeiðin sín samþykkt sem UEFA A markmannsþjálfaragráða. Þá fór KSÍ af stað með nýja þjálfaragráðu á árinu, Afreksþjálfun unglinga eða UEFA ELITE YOUTH. Fræðslunefndin býr vel í þeim öflugu starfsmönnum Arnari Bill Gunnarssyni og Degi Sveini Dagbjartssyni sem halda utan um allt fræðslustarf sambandsins sem er í stöðugri þróun. Þeim vil ég þakka farsælt samstarf á árinu sem og samnefndarmönnum í Fræðslunefnd KSÍ og öðrum starfsmönnum sambandsins.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2017**
*Alls 28 fræðsluviðburðir og 788 þátttakendur*

| Dagsetning | Viðburður | Þátttakendur |
|---|---|---|
| Janúar-mars | KSÍ VII þjálfaranámskeið | 9 |
| 25. janúar | Súpufundur - Jón Þór Hauksson, yfirþjálfari ÍA | 41 |
| 27.-29. janúar | KSÍ IV A þjálfaranámskeið | 35 |
| 4.-5. febrúar | Sebastian Boxleitner, fitness þjálfari A landsliðs karla | 78 |
| 17.-19. febrúar | KSÍ IV B þjálfaranámskeið | 37 |
| 1. apríl | Hvernig þjálfari ertu? - Haukur Ingi og Hallur Hallsson | 18 |
| 28.-30. apríl | KSÍ afreksþjálfun unglinga | 27 |
| 19.-21. maí | KSÍ afreksþjálfun unglinga | 27 |
| 11. júní | Ivan Kepčija frá Dinamo Zagreb og Carlos Cuesta frá Spáni | 45 |
| 14.-17. júní | UEFA Study Group Scheme - Club development | 24 |
| 12. ágúst | Bikarúrslitaráðstefnu KÞÍ og KSÍ | 50 |
| 27. ágúst | KSÍ afreksþjálfun unglinga | 13 |
| 22.-24. september | KSÍ I þjálfaranámskeið | 26 |
| 24. september | KSÍ VI þjálfaranámskeið - leikgreining | 27 |
| 29. sept.-1. okt. | KSÍ I þjálfaranámskeið á Reyðarfirði | 19 |
| 13.-15. október | KSÍ I þjálfaranámskeið | 34 |
| 13.-15. október | KSÍ V þjálfaranámskeið | 29 |
| 20.-22. október | KSÍ I þjálfaranámskeið | 23 |
| 20.-22. október | KSÍ II þjálfaranámskeið | 30 |
| 25.-31. október | KSÍ VI þjálfaranámskeið í Danmörku | 27 |
| 27.-29. október | KSÍ I þjálfaranámskeið á Akureyri | 18 |
| 2. nóvember | Súpufundur - Hilmar Rafn Kristinsson | 31 |
| 3.-5. nóvember | KSÍ II þjálfaranámskeið * | 29 |
| 10.-12. nóvember | KSÍ I þjálfaranámskeið á Ísafirði | 12 |
| 10.-12. nóvember | KSÍ II þjálfaranámskeið á Reyðarfirði | 11 |
| 17.-19. nóvember | KSÍ Markmannsþjálfaragráða | 13 |
| Allt árið | Þjálfaraskóli KSÍ | 55 |
| | Samtals: | 788 |

* tvö námskeið sömu helgi

## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2007-2017




## Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2007-2017



# Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2017-2018 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Magnús Ásgrímsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson

**Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna**
Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

**Markmið KSÍ**
Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.
Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

**Útbreiðsluverkefni árið 2017**
KSÍ sá um framkvæmd Íslandsleika ÍF í knattspyrnu eins og undanfarin ár. Haldin hafa verið tvö mót árlega, á vorin og haustin. Í ár urðu lítilsháttar breytingar á mótunum. Í stað haustmótsins voru haldnir Alþjóðaleikar Asparinnar í samstarfi milli KSÍ, KRR og Asparinnar íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík. Alls tóku 12 lið þátt í móti og þar á meðal 2 lið frá Færeyjum og eitt lið frá eyjunni Mön og fóru leikarnir fram í Egilshöll. Auk Asparinnar tóku lið frá Nes íþróttafélag fatlaðra í Reykjanesbæ, FC Sækó og Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Vormótið var eins og í fyrra haldið í samvinnu við Þrótt R. og var haldið á Eimskipsvellinum. Alls tóku 7 lið frá Íslandi þátt að þessu sinni en leikið var í 7 manna liðum. Að venju var kyndilhlaup lögreglumanna fyrir bæði mótin.

KSÍ styrkti FC Sækó um ýmsan búnað til knattspyrnuiðkunar. En FC Sækó er knattspyrnufélag sem starfsmenn og notendur á geðsviði Landsspítalans stofnuðu fyrir þremur árum. KSÍ bauð einnig þjálfara liðsins á þjálfaranámskeið, félaginu og þjálfaranum að kostnaðarlausu.

Landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir heimsótti nokkur félög á landinu og hélt bæði fyrirlestra og æfingar fyrir krakka á öllum aldri. Hólmfríður fór til Víkur í Mýrdal, heimsótt Hvöt á Blönduósi, KFR og Vestar á Ísafirði.

Dean Martin, U15 landsliðsþjálfari og starfsmaður hæfileikamótunar, sinnti jafnframt útbreiðslustarfi í ferðum sínum vítt og breitt um landið, flutti fyrirlestra og var með æfingar fyrir krakka á öllum aldri.

Í október var haldin kynning á íþróttum fatlaðra í Laugardalshöllinni. Þar var Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmenn KSÍ, og kynntu knattspyrnu fyrir blinda. Gestir og gangandi fengið að skjóta á mark með bolta sem notaður er fyrir knattspyrnu blindra. Að sjálfsögðu var þátttakendum ekki gert kleift að sjá og naut Dagur liðsinnis vaskra drengja frá íþróttafélaginu Öspinni, en Ösp heldur úti öflugu knattspyrnustarfi.

**Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði**
Á ársþingi KSÍ 2017 hlaut Einherji frá Vopnafirði Grasrótarverðlaun KSÍ. Sumarið 2016 sendi Einherji lið til leiks í meistaraflokki, bæði í karla og kvenna, 4. og 5. flokki karla og 5. flokka kvenna en á árinu 2016 bjuggu 511 manns á Vopnafirði. Undanfarin ár hafa lið af landsbyggðinni átt undir högg að sækja m.a. vegna fólksfækkunar og því er árangur og þátttaka Einherja á Íslandsmótum aðdáunarverður og til eftirbreytni. Slíkt væri ekki mögulegt nema með mikilli og óeigingjarnri vinnu sjálfboðaliða, stjórnarmanna, starfsmanna félagsins og annarra sem að félaginu koma. Einherji er skólabókardæmi um það hvað hægt er að gera þegar allir leggjast á eitt og því telur KSÍ því Einherja vera einstaklega vel að þessari viðurkenningu kominn.

**Iðkendafjöldi**
ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum.  Tölur sem birtar eru í árslok 2017 eru fyrir árið 2016. En vegna endurbóta og samræminga á skráningakerfum ÍSÍ annars vegar og félaganna hins vegar eru nýjustu tölur um fjölda iðkenda ónákvæmar og útbreiðslunefnd KSÍ telur það ekki þjóna tilgangi sínum að birta þær tölur að þessu sinni.

**Knattspyrnuskóli KSÍ**
Knattspyrnuskóli KSÍ var í fyrsta sinn haldinn í Garðinum á Reykjanesi. Leikmenn í Knattspyrnuskóla KSÍ 2017 voru fæddir árið 2003 og hvert félag mátti senda eina stúlku og einn dreng í Knattspyrnuskólann.

Knattspyrnuskóli drengja var dagana 17.-19. júlí. 44 drengir sótti skólann. Knattspyrnuskóli stúlkna var dagana 19.-21. júlí. 37 stúlkur sóttu skólann. Dean Martin hafði umsjón með báðum knattspyrnuskólum.

**Markmannsskóli KSÍ**

Líkt og undanfarin ár hélt KSÍ úti Markmannsskóla drengja og stúlkna á Akranesi. Öllum félögum á landinu býðst að senda tvo drengi og tvær stúlkur á 4. flokks aldri í Markmannsskóla KSÍ.
Markmannsskóli stúlkna fór fram dagana 27.-29. október. 35 stúlka frá 24 félögum sóttu skólann að þessu sinni. Skólastjóri var Aldís Ylfa Heimisdóttir.
Markmannsskóli drengja fór fram dagana 3.-5. nóvember. Að þessu sinni sóttu 52 drengir frá 29 félögum Markmannsskólann. Skólastjóri var Lúðvík Gunnarsson.
Átta markmannsþjálfarar komu að þjálfun í Markmannsskóla KSÍ að þessu sinni. KSÍ kann þeim bestu þakkir fyrir þeirra störf.

**Erlend samskipti**

- KSÍ hélt námskeið hér á landi í samstarfi við UEFA en námskeiðið er hluti af svokölluðu UEFA Study Group Scheme. Hingað til lands komu 19 aðilar frá fjórum löngum, Belgíu, Englandi, Möltu og Tyrklandi. Auk þess sem UEFA sendi tvo fulltrúa, þá Per Ravn Omdal frá Noregi og Chris Van Puyvelde frá Belgíu. Yfirskrift námskeiðsins var Club Development. Nánar er fjallað um námskeiðið í skýrslu fræðslunefndar.
- Knattspyrnusamband Hong Kong setti sig í samband við KSÍ og óskaði eftir samstarfi. Við því var orðið og fóru þeir Dean Martin, yfirmaður hæfileikamótunar KSÍ, og Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmaður útbreiðslunefndar, til Hong Kong í september 2017.

**Að lokum**

Í grasrótarstarfinu er höfð að leiðarljósi sú meginregla að knattspyrna er fyrir alla, óháð staðsetningu, kyni, aldri, getu eða líkamlegu atgervi. Við getum verið stolt af öllu okkar mikla grasrótarstarfi í knattspyrnunni um allt land. Þetta starf er að stærstu leyti unnið í sjálfboðavinnu á félagslegum grunni hjá aðildarfélögum KSÍ, sem verður seint fullþakkað.
Það er alveg ljóst að við stöndum framarlega miðað við þær þjóðir sem við miðum okkur helst við, en verðum samt ávallt að vera á tánum og halda ótrauð áfram að kynna knattspyrnuna fyrir sem flestum með fræðslu, fjármagni og almennri kynningu. Nú með glæsilegum árangri landsliða okkar og þá sérstaklega A-landsliðs karla eykst áhuginn vonandi enn frekar og þurfum við að nota þann meðbyr til enn betri verka.

Samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum útbreiðslunefndar, sem og öðru starfsfólki KSÍ þakka ég ánægjulegt og gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem unnu að grasrótarstarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf.

*Vignir Már Þormóðsson,*
*formaður útbreiðslunefndar.*

**Úrtaksmót U15 ára drengja 2017**
Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti drengja, fæddir 2002, á Akranesi 12. - 16. júní 2017

| | |
|---|---|
| Arnór Gauti Jónsson | Afturelding |
| Róbert Orri þorkelsson | Afturelding |
| Ólafur Guðmundsson | Breiðablik |
| Vihelm Þráinn Sigurjónsson | Breiðablik |
| Andri Fannar Baldursson | Breiðablik |
| Baldur Logi Guðlaugsson | FH |
| Jóhann Þór Arnarsson | FH |
| Heiðmar Gauti Gunnarsson | FH |
| Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson | Fjölnir |
| Orri Hrafn Kjartansson | Fylkir |
| Ólafur Kristófer Helgason | Fylkir |
| Valgeir Valgeirsson | HK |
| Breki Muntaga Jallow | HK |
| Oliver Stefánsson | ÍA |
| Viktor Smári Elmarsson | KA |
| Alexander Fryderyk Grybos | Keflavík |
| Helgi Bergmann Hermannsson | Keflavík |
| Sebastían Frey | Keflavík |
| Valdimar Daði Sævarsson | KR |
| Bjarki Þór Björnsson | Stjarnan |
| Sigurður Dagsson | TeBe |
| Tóbías Ingvarsson | TeBe |
| Jón Gísli Eyland | Tindastóll |
| Danny Tobar Valencia | Valur |
| Kristófer André Kjeld Cardoso | Valur |
| Guðmundur Arnar Svavarsson | Vestri |
| Elmar Þór Jónsson | Þór |
| Baldur Hannes Stefánsson | Þróttur R. |

**Úrtaksmót U15 ára stúlkna 2017**
Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti stúlkna, fæddar 2002, á Akranesi 8. – 12. ágúst 2017

| | |
|---|---|
| Cecilía Rán Rúnarsdóttir | Afturelding |
| Eydís Helgadóttir | Breiðablik |
| Hugrún Helgadóttir | Breiðablik |
| Kristjana R. Kristjánsdóttir Sigurz | Breiðablik |
| Ísabella Arnarsdóttir | Breiðablik |
| Hildur María Jónasdótir | Breiðablik |
| Valgerður Ósk Valsdottir | FH |
| Ída Marín Hermannsdóttir | Fylkir |
| Anja Ísis Brown | Grótta |
| Valgerður Lilja Arnardóttir | HK |
| María Lena Ásgeirsdóttir | HK |
| Sigrún Eva Sigurðardóttir | ÍA |
| Erla Karitas Jóhannesdóttir | ÍA |
| Selma Dögg Þorsteinsdóttir | ÍA |
| Harpa Valey Gylfadóttir | ÍBV |
| Linda Björk Brynjarsdóttir | ÍBV |
| Clara Sigurðardóttir | ÍBV |
| Margrét Edda Lian Bjarnadóttir | KR |
| Kristín Erla Ó. Johnson | KR |
| Emilia Ingvardóttir | KR |
| Ísabella Sara Halldórsdóttir | Selfoss |
| Birta Georgsdóttir | Stjarnan |
| Ragna Guðrún Guðmundsdóttir | Valur R. |
| Auður Sveinbjörnsdóttir | Valur R. |
| Anna Hedda Björnsdóttir Haaker | Valur R. |
| Birgitta Sól Vilbergsdóttir | Víkingur Ó. |
| Daðey Ásta Hálfdánsdóttir | Víkingur R. |
| Arna Eiríksdóttir | Víkingur R. |
| Ísafold Þórhallsdóttir | Víkingur R. |
| Elfa Mjöll Jónsdóttir | Völsungur |
| Berglind Halla Þórðardóttir | Þór |

## Knattspyrnuskóli KSÍ 2017 - drengir

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2003, tóku þá í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 17-19 júlí 2017.

| Nafn | Félag | Nafn | Félag |
|---|---|---|---|
| Elías Franklín Róbertsson | Dalvík | Ísak Baldursson | Snæfell |
| Arnór Gauti Úlfarsson | FH | Henrik Máni B. Hilmarsson | Stjarnan |
| Lúcus Logi Heimisson | Fjönir | Ingvar Freyr Þorsteinsson | UMF Reynir |
| Börkur Þorri Þorleifsson | Fram | Atli Ágúst Hermannsson | UMFG |
| Eyjólfur Andri Sverrisson | Fylkir | Benedikt Darri Gunnarsson | Valur |
| Friðrik Heiðar Vignisson | Geisla | Gabriel Bjarkar Eirksson | Vestri |
| Pálmar Sveinsson | Grindavík | Benedikt Gunnarsson | Víkingur Ó |
| Grímur Ingi Jakobsson | Grótta | Heimir Máni Guðvarðsson | Völsungur |
| Sigurður Heiðar Guðjónsson | Hamar | Jakob Franz Pálsson | Þór_ |
| Konráð Elí Kjartansson | HK | Egill Helgason | Þróttur R |
| Sigurð Pétur Stefánsson | Hvöt | Daniel Frans Valdimarsson | Ægir |
| Kristján Jakob Ásgrímsson | Höttur | Benedikt Gröndal | Tindastóll |
| Ívan Óli Santos | ÍR | Hákon Þorbergur Jónsson | Þróttur Neskaupstað |
| Birgir Valur Ágústsson | KA | Georg Rúnar Ingimarsson | ÍBV |
| Björn Bogi Guðnason | Keflavík | Þorvar Þorvarðarson | Afturelding |
| Kristinn Ásgeir Þorbergsson | KFR | Ísak Bergmann Jóhannesson | ÍA |
| Aron Óli Kárason | Kormákur_ | Kristófer Jónsson | Haukar |
| Þór Albertsson | Neisti | Andi Morina | Leiknir Reykjavík |
| Pálmi Rafn Arinbjörnsson | Njarðvík_ | Emar Logi Þrándarson | víkingur R |
| Guðmundur Tyrfingsson | Selfoss | Daniel Frans Valdimarsson | Ægir |
| Ægir Þór Valgeirsson | Sindri | Cristovao A. F. Da. S. Martins | Víðir Garði |
| Hilmar Elís Hilmarsson | Skallagrímur | Kristján Mark Jónsson | Reynir Sandgerði |

## Knattspyrnuskóli KSÍ 2017 - stúlkur

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2003, tóku þá í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 19-21 júlí 2017.

| Nafn | Félag | Nafn | Félag |
|---|---|---|---|
| Fjóla Rún Sölvadóttir | Dalvík | Þórunn Sara Arnarsdóttir | Skallagrímur |
| Kamilla Huld jónsdóttir | Einheri | Linda Rós Hannesdóttir | Vestri |
| Anna Elísabet Hákonardóttir | Fram | Minela Crnac | Víkingur Ó |
| Anna Kolbrún ólafsdóttir | Fylkir | Lára Hlín Svavarsdóttir | Völsungur |
| Ása Björg Einarsdóttir | Grindavík | María Catharina Ólafsd | Þór |
| Margrét Rán Rúnarsdóttir | Grótta | Andrea Rut Bjarnadóttir | Þróttur R |
| Þóra Björg Yngvadóttir | Hamar | Eva Rún Dagsdóttir | Tindastóll |
| Dagný Rún Pétursdóttir | HK | Dagný Rut Imsland | ÍR |
| Þóru Karen Þorleifsdóttir | Hvöt | Sara Montoro | Fjölnir |
| María Sigurðardóttir | HÖTTUR | Cecilía Rán Rúnarsdóttir | Afturelding |
| Ragna Sara Magnúsdóttir | IBV | Lilja Björg Ólafsdóttir | ÍA |
| Margrét Mist Sigursteinsdóttir | KA | Sunna Xiao Björnsdóttir | Valur |
| Bríet Björk Sigurðardóttir | Keflavík | Klara Mist Karlsdóttir | Stjarnan |
| Júlía Jökulrós Sveinsdóttir | Kormákur | Gunnhildur Ottósdóttir | fylkír |
| Alma Gui Mathiesen | KR | Júlía Jökulrós Sveinsdóttir | Kormákur |
| Malen Valsdóttir | Leiknir | Andrea Marý Sigurjónsdóttir | FH |
| Katla Rún Magnúsdóttir | Neisti | Heiðrún Edda Pálsdóttir | Snæfell |
| Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir | Selfoss | Erla Sól Vigfúsdóttir | Haukar |
| Dagmar Lilja Eskarsdóttir | Sindri | | |

## Markmannsskóli KSÍ 2017-Drengir

| Nafn | Fæddur | Félag | Nafn | Fæddur | Félag |
|---|---|---|---|---|---|
| Viktor Torfi Strange | 2004 | Afturelding | Jóhannes Geir Gestsson | 2005 | KA |
| Arnar Daði Jóhannesson | 2005 | Afturelding | Rajko Rajkovic | 2004 | KA |
| Alexander Ólafsson | 2004 | Breiðablik | Guðjón Snorri Herbertsson | 2005 | Keflavík |
| Róbert Aron Richter | 2004 | Breiðablik | Wiktor Benedykt Sliwka | 2004 | Keflavík |
| Halldór Máni Harðarson | 2004 | FH | Arnar Högni Arnarsson | 2004 | KFR |
| Benedikt Emil Aðalsteinsson | 2005 | FH | Tumi Snær Tómasson | 2004 | KFR |
| Halldór Snær Georgsson | 2004 | Fjölnir | Hrafnkell Goði Halldórsson | 2004 | KR |
| Kári Hrafn Hannessn | 2004 | Fjölnir | Bjarki Finnsson | 2004 | KR |
| Torfi Geir Halldórsson | 2004 | Fram | Mehmet Ari Veselaj | 2005 | Leiknir R. |
| Alexander Arnarsson | 2005 | Fram | Böðvar Arnarsson | 2004 | Selfoss |
| Bjartur Grétarsson | 2004 | Fylkir | Arnór Elí Kjartansson | 2005 | Selfoss |
| Ingólfur Háverðarson | 2005 | Grindavík | Stefan Pavlovic | 2005 | Skallagrímur |
| Davíð Ingi Másson | 2004 | Grótta | Guðmundur Rafn Ingason | 2004 | Stjarnan |
| Hilmar Þór Kjærnested Helgason | 2005 | Grótta | Magnús Pedersen Kjartanson | 2004 | Stjarnan |
| Tómas Anulis Kristjánsson | 2004 | Haukar | Heimir Tjörvi Magnússon | 2004 | Valur |
| Rökkvi Rafn Agnesarson | 2004 | Haukar | Mikael Hrafn Helgason | 2005 | Valur |
| Andrés Már Kjartansson | 2005 | HK | Stefán Freyr Jónsson | 2004 | Vestri |
| Stefán Stefánsson | 2004 | HK | Anton Erik Antonsson | 2004 | Víkingur Ó. |
| Kristján Finnsson | 2005 | Höttur | Kristján Páll Bjarnason | 2004 | Víkingur Ó. |
| Heikir Ingi Hafliðason | 2004 | Höttur | Óliver Örn Davíðsson | 2005 | Víkingur R. |
| Baldur Páll Stefánsson | 2004 | ÍA | Uggi Jóhann Auðunsson | 2004 | Víkingur R. |
| Bjarki Brynjarsson | 2004 | ÍA | Magnús Máni Sigurgeirsson | 2005 | Völsungur |
| Dagur Einarsson | 2004 | ÍBV | Kristján Benediktsson | 2005 | Völsungur |
| Einar Örn Valsson | 2004 | ÍBV | Jósep Snorri Svanbergsson | 2004 | Þór |
| Halldór Óskar Gautason | 2004 | ÍR | Hilmar Örn Pétursson | 2005 | Þróttur R. |
| Birgir Logi Steinþórsson | 2005 | ÍR | Albert Elí Vigfússon | 2004 | Þróttur R. |

## Markmannsskóli KSÍ 2017-Stúlkur

| Nafn | Fædd | Félag | Nafn | Fædd | Félag |
|---|---|---|---|---|---|
| Dísella Mey Ársælsdóttir | 2005 | Breiðablik | Esther Júlía Gustavsdóttir | 2005 | RKV |
| Þórhildur Anna Traustadóttir | 2004 | Breiðablik | Irma Rún Blöndal | 2004 | RKV |
| Þórdís Ösp Melsted | 2004 | FH | Arnheiður Soffia Jónsdóttir | 2005 | Selfoss |
| Kaja Kaminska | 2005 | FH | Laufey Ósk Hafsteinsdóttir | 2005 | Sindri |
| Auður Árnadóttir | 2005 | Fjölnir | Karen Rós Torfadóttir | 2005 | Sindri |
| Emma Ýrr Hlynsdóttir | 2004 | Fram | Elinóra Ýr Kristjánsdóttir | 2004 | Skallagrímur |
| Rebekka Rós Ágústsdóttir | 2004 | Fram | Birna Dís Eymundardóttir | 2004 | Stjarnan |
| Sunneva Sól Önnudóttir | 2004 | Fylkir | Heiðdís Emma Sigurðardóttir | 2005 | Stjarnan |
| Sigurbjörg Sigurpálsdóttir | 2004 | Grindavík | Bergljót Júlíana Kristinsdóttir | 2005 | Valur |
| Helga Dögg Þorsteinsdóttir | 2005 | Grótta | Salka Mei Andrésdóttir | 2005 | Valur |
| Birgitta Kristín S. Scheving | 2004 | Haukar | Jóhanna Barðadóttir | 2004 | Vestri |
| Vala Björk Jónsdóttir | 2005 | Haukar | Aldís Guðlaugsdóttir | 2004 | Víkingur Ó. |
| Auður Ísfold Geirsdóttir | 2004 | HK | Sigrún Ásta Jónsdóttir | 2004 | Víkingur R. |
| Friðmey Ásgrímsdóttir | 2004 | ÍA | Eygló Eyja Bjarnadóttir | 2005 | Víkingur R. |
| Viktoria Szumowska | 2004 | ÍR | Karen Vala Daínelsdóttir | 2005 | Völsungur |
| Aðalheiður Gná Sigurðardóttir | 2005 | ÍR | Kristlaug Eva Wium Elíasdóttir | 2004 | Þór |
| Ísabella Júlía Óskarsdóttir | 2005 | KA | Nanna Katrín Snorradóttir | 2005 | Þróttur R. |
| | | | Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir | 2004 | Þróttur R. |

# Skýrsla hæfileikamótunar

Í kjölfar ársþings KSÍ í febrúar 2017 ákvað aðalstjórn KSÍ að leggja niður hæfileikanefnd KSÍ og færa umsjón og eftirlit hæfileikamótunar undir unglingalandsliðsnefndir karla og kvenna.

Umsjónarmaður með hæfileikamótun KSÍ árið 2017 var Dean Martin.

Dean fór vítt og breitt um landið, fundaði með fulltrúum félaga, hélt fyrirlestra fyrir iðkendur og stjórnaði æfingum. Á milli 500-600 krakkar á aldrinum 13-14 ára aldri, strákar og stelpur, tóku þátt í verkefninu.

Dean fór tvo hringi um landið og var með yfir 40 æfingar og fyrirlestra um land allt. - Í fyrri hringnum heimsótti hann; Hveragerði, Vestmannaeyjar, Höfn, Reyðarfjörð, Akureyri, Ísafjörð, Akranes, Reykjanesbæ, Reykjavík og Kópavog. - Í seinni hringnum heimsótti hann; Selfoss, Egilsstaði, Dalvík, Grundarfjörð, Grindavík, Reykjavík og Kópavog. Í fyrri hringnum voru það félögin sjálf sem tilnefndu leikmenn en í þeim síðari valdi KSÍ leikmenn til æfinga. Í október 2016 var svo Hæfileikamót KSÍ og N1 haldið í Kórnum í Kópavogi og Akraneshöllinni þar sem um 200 krakkar, strákar og stelpur, komu saman.

Helstu markmið hæfileikamótunar KSÍ og N1:

- Fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með.
- Fylgjast með yngri leikmönnum en áður og undirbúa þá fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar.
- Koma til móts við minni staði á landsbyggðinni og mæta þeirra þörfum.
- Koma til móts leikmenn stærri félaga á höfuðborgarsvæðinu sem að öllu jöfnu væru ekki valdir á landsliðsæfingar.
- Bæta samskipti við aðildarfélögin og kynna fyrir þeim stefnu KSÍ í landsliðsmálum.
- Undirbúa leikmenn enn betur til þess að mæta á landsliðsæfingar seinna með fræðslu.

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir árið 2017: Magnús Gylfason, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Rúnar V. Arnarsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Verkefni mannvirkjanefndar voru í föstum skorðum, nefndin var stjórn KSÍ og aðildarfélögum til ráðgjafar í mannvirkjamálum. Fylgst var með þróun mannvirkja innanlands sem á alþjóðavettvangi og reglna sem gilda um þau. Mannvirkjanefnd fór yfir efni reglugerðar um knattspyrnuleikvanga og lagði til nokkrar breytingar á gildandi reglugerð. Breytingar á reglugerð vegna rýmkun reglna sem varða leikvelli í flokki D var komið í framkvæmd.

Mannvirkjanefnd fór yfir umsóknir um vallarleyfi og umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Mikil uppbygging og framkvæmdir eru í undirbúningi og sum verkefni eru komin á framkvæmdarstig. Mannvirkjanefnd finnur fyrir auknum áhuga aðildarfélaga og sveitarfélaga á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og er það vel. Það aukni áhugi leiðir til fleiri og hærri umsókna til mannvirkjasjóðs sem aftur getur leitt til skoðunar á þætti mannvirkjasjóðs við slíka uppbyggingu.

Eins og áður var mannvirkjanefnd aðildarfélögum til ráðgjafar og í því samhengi voru ÍBV og Víkingur Ó. sótt heim til að skoða og meta þau atriði sem upp á vantar í tengslum við útgáfu vallarleyfa. Í Vestmannaeyjum vantar að klára vallargirðingu en í Ólafsvík þak yfir áhorfendastúku. Mikið hefur áunnist í framkvæmdum við leikvelli en á mörgum völlum eru minni háttar atriði sem þarfnast lagfæringar þegar litið er til flokkunar leikvalla. Lokið var við gerð nýs gervigrasvallar með flóðlýsingu á Hlíðarenda auk þess sem skipt var um gervigras í Akraneshöllinni.

Ástand leikvalla er sífellt til skoðunar og breytingar á yfirborði þeirra. Á árinu var sérstaklega til skoðunar gæði gervigrasvalla og flokkun því tengdu. FIFA hefur breytt flokkun sinni í FIFA quality og FIFA quality pro úr FIFA star og FIFA two star. Mannvirkjanefnd hefur sett saman nýjar reglur sem samþykktar voru á stjórnarfundi 18/12 2017.

Í ágúst fóru þeir Bjarni Þór Hannesson og Jón Runnólfsson á fund norrænu mannvirkjanefndanna sem að þessu sinni var haldinn í Danmörku. Efst á baugi voru hugmyndir um aukna samvinnu knattspyrnusambandanna, stofnun sjóðs til að styrkja rannsóknir og umræða um plastefni.

Eitt stærsta verkefni KSÍ um þessar mundir er nýr Laugardalsvöllur sem tekur mið af þróun þjóðarleikvanga í Evrópu og árangurs íslensku landsliðanna. Mannvirkjanefnd sat kynningu Borgarbrags sem unnið hefur ásamt Lagardére að þróun verkefnisins sl. ár.

Mannvirkjanefnd þakkar aðildarfélögum gott samstarf á starfsárinu.

*Magnús Gylfason, formaður.*

## Heiðursviðurkenningar

# Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningar á árinu 2017

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ámundi Halldórsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Einar Ásgeirsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Finnur Kolbeinsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Guðmann Hauksson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Guðrún Hubfeld | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Hafsteinn Steinsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Halldór Steinsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Hörður Antonsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Jakob Halldórsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Jóhann Sævar Kjartansson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Jón Árnason | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Jón Óli Sigurðsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Kristinn Tómasson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Leifur Árnason | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Magnea Ragna Ögmundsdóttir | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Margrét Gunnarsdóttir | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Ólafur G. Magnússon | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Ólafur Hafsteinsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Ólafur Pétursson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Ólafur Stígsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Svanhildur Árnadóttir | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Viðar Helgason | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Þorvaldur Árnason (dómari) | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Silfur |
| Þórir Árnason | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Örn Hafsteinsson | Fylkir | 50 ára afmæli Fylkis | Gull |
| Gunnar Baldursson | Haukar | 70 ára afmæli Gunnars | Gull |
| Gísli Gunnar Oddgeirsson | Magni | Lokahóf Magna | Silfur |
| Heimir Ásgeirsson | Magni | Lokahóf Magna | Silfur |
| Jóhann Kristinn Gunnarsson | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Jónas Þór Hallgrímsson | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Júlíus Guðni Bessason | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Gull |
| Róbert Ragnar Skarphéðinsson | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Sigurgeir Á. Stefánsson | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Sóley Sigurðardóttir | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Unnur Mjöll Hafliðadóttir | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |
| Víðir Svansson | Völsungur | 90 ára afmæli Völsungs | Silfur |